CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radíóamatörar

1. tbl. 2022 janúar

Afhending gjafar 16. desember frá Suomen Radioamatööriliitto SRAL í tilefni 75 ára afmælis ÍRA. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Erik Finskas OH2LAK/TF3EY fulltrúi SRAL, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi*
- *Vegferð til framtíðar*
- *Tveir dípólar*
- *Af smíðaborðinu: morslyklarar*
- *Viðurkenningar radíóamatöra*
- *Helstu DX keppnir á næstunni*

Á DÖFINNI:

- *Aðalfundur ÍRA sunnudaginn 20. febrúar*
- *Námskeið til amatörprófs*
- *Páskaleikar ÍRA*
- *Uppfærsla heimasíðu ÍRA*
- *Tíðnimál: uppfærð reglugerð*
- *Næsti skilafrestur efnis: 30. apríl 2022*

Félagið Íslenskir radíóamatörar

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radíóamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radíóamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radíóamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07’33’’N, 21°56’58’’V. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2021-2022 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Georg Kulp	TF3GZ
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radíóamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radíóamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radíóamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2021–2022 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru mars, júní og september 2021 og janúar 2022.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · · · · · · · · · · · · **3**

Frá formanni... · · · · · · · · · · · · · **4**

Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · · · · · · **6**

Vegferð til framtíðar · · · · · · · · · · **32**

Tveir dípólar, annar slæmur og hinn góður **38**

Viðurkenningar radíóamatöra · · · · · · **41**

Bókahorn ÍRA · · · · · · · · · · · · · · **42**

Af smíðaborðinu: morslyklarar · · · · · · **43**

ÍRA starfstímabilið 2021/22 · · · · · · · **44**

Helstu DX keppnir febrúar–apríl 2022. · · **48**

vodafone
Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radíó?

Radíóamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radíóamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radíó á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radíóamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmíðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öfluga senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra.

Radíóamatörar hafa hannað og smíðað gevihnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radíósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radíóamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.

Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Þann 13. maí á þessu ári, verða liðin 125 ár frá því að Marconi og aðstoðarmönnum hans, tókst að senda skilaboð frá lítilli eyju, „Flat Holm“ í því sem innbyggjarar Bretlands kalla „Bristol Channel“ og taka á móti þessum sömu skilaboðum á fastalandinu þar sem heitir „Lavernock Point“.

Sambandið sem náðist þarna á milli, er nú varla hægt að kalla DX, því það eru ekki nema liðlega fimm km á milli þessara staða. Á móti kemur að þessir kílómetrar eru yfir sjó og á þessum tíma efuðust menn stórlega um að hægt væri að senda þráðlaus merki yfir sjó, þ.e.a.s. ef að hægt væri að senda þráðlaus merki yfirleitt.

Sagan hefst reyndar í mars 1896 á því að ungur ítali gekk á fund Sir William Preece yfirverkfræðings bresku póstþjónustunnar „General Post Office“ (G.P.O.) en undir þá stofnun heyrðu öll samskiptamál heimsveldisins, ekki bara bréf á pappír heldur líka öll sambönd um víra eins og ritsíma og talsíma, eða sambönd án nokkurra víra yfirleitt.

Ítalinn ungi kvaðst heita Marconi (Guglielmo Giovanni Maria) og hann yrði 22 ára gamall í næsta mánuði. Þótt ungur væri hefði hann gert fjölmargar tilraunir með þráðlaus samskipti og vildi nú kynna Sir Preece árangur tilrauna sinna.

Með þessum fundi var sem Marconi hefði dottið í lukkupottinn. Sir Preece hafði sjálfur gert tilraunir í þessa átt. Honum leist vel á strákinn og þóttist sjá að hann væri á réttri leið. Hann sá nú til þess að „strákurinn“ fengi afnot af rannsóknarstofu hjá G.P.O. svo hann gæti haldið áfram með tilraunir sínar.



Frá vinstri: Guglielmo Marconi, William Preece og George Kemp.

Flat Holm eyja í Bristolflóa.

Nú hraðspólum við fram til í maí 1897 og finnum Marconi og aðstoðarmenn hans á eyjunni Flatholm í miðjum Bristolflóa.

Búið var að setja upp loftnet, sendi og viðtæki á báða staðina. Á Flatholm sá George Kemp, aðstoðarmaður Marconis, um tækin en á Lavernock Point stjórnaði Marconi verkinu.

George Kemp, lýsir loftnetunum þannig:

„Loftnetin voru á 35 metra háum staurum. Efst á þeim var hólkur úr sinki 1.8 metrar að lengd og tæpur metri að þvermáli. Við hólkinn var tengdur einangraður koparvír sem var tengdur við tækjabúnaðinn. Á báðum stöðum voru sex sverir, óeinangraðir koparvírar lagðir niður í sjó sem jarðsamband.

Tilraunir hófust 10. maí en án árangurs og sömu sögu var að segja næsta dag. Þá var ákveðið að færa móttakarann á Lavernick Point niður í fjöruna og lengja þannig loftnetið um tæpa 20 metra. Þegar tilraunir hófust eftir þessar breytingar, fimmtudaginn 13. maí heyrðist hvellsterkt merki „V V V“

Marconi sendi nú: „CAN YOU HEAR ME“ og stuttu seinna svarar Georg Kemp: „YES LOUD AND CLEAR“ Það má reyndar benda á, að þeir heyrðu ekkert þannig séð. Merkin voru skráð með „slönguskrift“ á pappírsrenning. Það var gert með sérlegu ritsímatæki, og löngu seinna lærði skrifari, þá kornungur sendill hjá Ritsímanum, að tækið héti „Undulator“.

Sennilega má kalla þennan viðburð, fyrstu útileikana.

73 Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB,
ritstjóri CQ TF

Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Núverandi starfsár 2021/22 rennur sitt skeið á aðalfundi 20. febrúar. Þar mun Covid-19 faraldurinn örugglega bera á góma enda hefur hann sett mark sitt á starfsemina svo um munar, nú annað árið í röð. Samanborið við önnur félög, höfum við þó líklega sloppið nokkuð vel þar sem áhugamál okkar fer að verulegum hluta fram á öldum ljósvakans.

Þrátt fyrir faraldurinn gekk starfsemi ÍRA ótrúlega vel. Að baki þeim árangri er samhent stjórn og áhugasamir félagsmenn. Hér má m.a. til nefna rekstur virkrar heimasíðu á netinu og Facebook með yfir 240 innsetningar. Félagsblaðið okkar CQ TF er ekki síður mikilvægur tengiliður við félagsmenn. Blaðið kom út á áætlun í mars, apríl, október og nú þetta blað, í janúar 2022. Þá fengu fjarskiptaviðburðirnir þrír, Páskaleikar, VHF/UHF leikar og TF útileikar (í apríl, júlí og ágúst) góða þátttöku, auk Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelgarinnar í þriðju viku ágúst.

Óneitanlega hefur starfsemin í Skeljanesi þó verið rekin í skugga faraldursins. Engu að síður höfum við getað haldið félagsaðstöðunni opinni allflest fimmtudagskvöld, þótt vissulega hafi verið um að ræða „skertar opnanir“ megnið af árinu. Hér er átt við grímuskyldu, lokun eða takmörkun fjölda félaga í fjarskiptaherbergi TF3IRA og QSL stofu (vegna smæðar herbergjanna), auk þess að fella niður kaffiveitingar mörg opnunarkvöld. Þegar þetta er skrifað (18. janúar) erum við á ný komin í þá stöðu að þurfa að hafa félagsaðstöðuna lokaða vegna faraldursins, þ.e. frá 13. janúar. En sama staða var uppi þegar lokun var innleidd í Skeljanesi skömmu eftir síðasta aðalfund, frá 25. mars 2021. Það jákvæða í stöðunni er þó, að um Þessar mundir er líklegt að faraldurinn gefi eftir þegar líður á árið. Vonandi getum við þá „endurræst“ þá 30 viðburði metnaðarfullrar vetraráætlun sem þurfti að fresta vorið 2020.

75 ára afmæli ÍRA.

Árið 2021 var afmælisár þar sem félagið okkar, Íslenskir radíóamatörar, átti 75 ára afmæli. Á stjórnarfundi 22. júní var ákveðið að halda upp á afmælið með því að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra að líta við í Skeljanesi á afmælisdaginn, laugardaginn 14. ágúst á milli kl. 15 og 18 og þiggja veitingar. Afmælisboðið var formlega kynnt í 3. tbl. CQ TF sem kom út 18. júlí. En skjótt skipast veður í lofti því 31. júlí þurfti að taka þá þungbæru ákvörðun að fresta viðburðinum í ljósi vaxandi útbreiðslu Covid-19 faraldursins. Ekki reyndist unnt að efna til afmælisfagnaðar það sem eftir lifði starfsársins.

Félaginu bárust góðar kveðjur frá félagsmönnum og fjölmörgum landsfélögum radíóamatöra um heiminn í tilefni afmælisins. Þar fyrir utan var listaverki veitt móttaka að gjöf frá ORG – Ættfræðiþjónustunni ehf. 17. nóvember. Afhending fór fram að viðstaddri stjórn ÍRA. Þá kom Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) færandi hendi með gjöf frá systurfélagi okkar í Finnlandi, SRAL í tilefni afmælisins, með áletraðar morspöllur. Gjöfinni var veitt móttaka í Skeljanesi að viðstaddri stjórn ÍRA 16. desember.

Fullt afl á 50 MHz.

Kærkominn áfangi náðist í maímánuði þegar Póst- og fjarskiptastofnun veitti íslenskum radíóamatörum auknar aflheimildir í 50-50,5 MHz tíðnisviðinu á 6 metrum, frá og með 1. júní 2021. Gildistími var 3 mánuðir eða til 31. ágúst n.k. G-leyfishafar fengu heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W. Þess er að vænta að heimildin verði fest í sessi í uppfærðri reglugerð.

Geta má að sérheimild á tíðnisviðinu 1850-1900 kHz fyrir árið 2022 vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum var endurnýjuð af Fjarskiptastofu 7. desember.

Námskeið ÍRA og próf PFS til amatörleyfis.

Námskeið félagsins til amatörprófs 2021 hófst 22. mars og lauk með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar 5. júní. Kennsla fór fram í fundarsal í Skeljanesi þar sem Háskólinn í Reykjavík heimilaði ekki utanaðkomandi starfsemi í húsnæði sínu vegna Covid-19 faraldursins. Próf Póst- og fjarskiptastofnunar fór fram í félagsaðstöðu ÍRA 5. júní. Alls þreyttu fimm prófið. Fjórir náðu fullnægjandi árangri, þar af þrír til G-leyfis og einn til N-leyfis.

Námskeið ÍRA til amatörprófs var í fyrsta skipti í boði yfir netið 4. október til 11. desember. Viðamikill undirbúningur var unninn í samvinnu stjórnar og prófnefndar, en þrátt fyrir það þurfti að fresta námskeiðinu. Ástæðan var lítil þátttaka, en aðeins þrír höfðu skráð sig og greitt námskeiðsgjald. Fyrirhugað er að bjóða námskeiðið á ný í febrúar n.k., bæði í staðar- og fjarnámi.

Önnur verkefni.

Ánægjulegt er að geta um nýtt kynningarefni um amatör radíó og félagið og uppfært ávarpsefni til nýrra félaga, sem hvorutveggja voru tilbúin í byrjun ársins og kynnt á heimasíðu og FB síðum 2. og 22. janúar. Hefðbundin verkefni, svo sem samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun (Fjarskiptastofa eftir 1. júlí 2021) hafa gengið vel. Samskiptin við erlend systurfélög, NRAU og IARU hafa gengið á venjubundinn hátt og með ágætum. Ráðstefnur NRAU og IARU Svæðis 1 (síðari hluti) voru haldnar yfir netið og heppnuðust vel. NRAU fundurinn var 2. október og ráðstefna IARU var 15.-24. október. Kristján Benediktsson, TF3KB, tengiliður ÍRA tók þátt í þeim. Sjá grein eftir Kristján Benediktsson, TF3KB í þessu blaði.

Fjarskiptavirki TF3IRA; betur fór en á horfðist.

Um kl. 14 miðvikudaginn 12. janúar uppgötvaðist, að einn af þremur fótum turnsins sem heldur uppi Opti-Beam Yagi loftneti TF3IRA hafði brotnað frá festingunni, en mjög hvasst hafði verið í Skeljanesi dagana á undan. Vegna þessa hallaði turninn sjáanlega. Hér kom í ljós hve mikilvægt félaginu er hvað almennir félagsmenn eru reiðubúnir að leggja hönd á plóg, samanber frásögn í máli og myndum annarsstaðar í blaðinu.

Sérstakar þakkir til þeirra Sigurðar Harðarsonar, TF3WS, Georgs Kulp, TF3GZ og Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir aðkomu að verkefninu. Ennfremur þakkir til Henrys A. Hálfdánarsonar, TF3HRY og Þórðar Adolfssonar, TF3DT sem veitti ráðgjöf. Einnig þakkir til þeirra mörgu félagsmanna sem höfðu samband, ýmist til að fylgjast með framvindu verkefnisins eða bjóða fram aðstoð.

Viðtæki yfir netið og endurvarpi á 1200 MHz.

KiwiSDR viðtækin yfir netið í Bláfjöllum, á Bjargtöngum og á Raufarhöfn hafa fest sig í sessi undanfarin ár. Tvö viðtæki yfir netið bættust við á árinu. Annars vegar KiwiSDR viðtæki staðsett í Vík í Mýrdal á 10 kHz til 30 MHz (í umsjá TF1TJN) og Airspy R2 SDR viðtæki í Reykjavík á 24 MHz til 1800 MHz (í umsjá TF3CZ). Þá var fyrsti endurvarpinn í 1200 MHz tíðnisviðinu hér á landi settur upp í Bláfjöllum 19. ágúst. Hann vinnur á 1297 MHz og er tengdur við VHF/UHF endurvarpskerfið í Bláfjöllum/Skálafelli/Mýrum. Búnaðurinn er í eigu TF1A. Þakkir til þessara ágætu félagsmanna okkar fyrir dugnaðinn og verðmætt framlag. Um er að ræða mikilvæga viðbót fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

Þess má geta að opnunarsíða heimasíðu ÍRA var uppfærð í desember. Í dálknum hægra megin er ný fyrirsögn: SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þar undir eru vefslóðir á SDR viðtækin fimm hér á landi. Aðeins neðar er fyrirsögnin TENGLAR. Þar undir eru vefslóðir á þrjár nýjustu ársskýrslur félagsins og þar fyrir neðan er slóð á undirsíðu CQ TF með öllum félagsblöðunum frá árinu 1964.

Að lokum.

Hér hefur aðeins verið tæpt á hluta af þeim verkefnum sem unnið var að innan félagsins á þessu starfsári sem nú er að ljúka. Starfseminni verða gerð skil í skýrslu formanns um starfssemina 2021/22 sem lögð verður fram á aðalfundi.

Eins og fram kemur að ofan, var starfsárið um margt óvanalegt (líkt og fyrra starfsár) vegna faraldursins. Ljóst er, að þótt vel hafi til tekist með rekstur félagsins undir þessum kringumstæðum eru næg viðfangsefni framundan. Og framtíðin lofar góðu í ljósi þess að líkur eru taldar á að faraldurinn muni gefa eftir þegar líður á árið 2022. Ég er reiðubúinn til að takast á við þau verkefni sem framundan eru hjá félaginu og hef því ákveðið að gefa kost á mér í embætti formanns á starfsárinu 2022/23. Bestu þakkir til ykkar allra fyrir góð samskipti og frábært samstarf á starfsárinu sem er að líða

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA

Vinna við fjarskiptavirki TF3IRA 15. janúar.

Félagsstarfið í Skeljanesi

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þessi inngangur er skrifaður 20. janúar 2022. Þá eru liðnir um þrír og hálfur mánuður þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði sem kom út 17. október. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma. Hér á eftir er fjallað í beinu framhaldi um félagsstarfið í dagbókarstíl, til 20. janúar.

19. september – Kallað eftir efni í 4. tölublað.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 19. september, þar sem hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 30. september.

Sigurbjörn TF3SB.

Viðtökur voru góðar og kom 4. tölublað 2021 út sunnudaginn 17. október á PDF formi á heimasíðu félagsins, alls 56 blaðsíður að stærð.

23. september – Opið hús í Skeljanesi.

Ánægjulegt félagskvöld. Góð mæting. Fjörugar umræður og menn hressir.

Félagsmaður okkar, Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 færði í hús stóra rjómatertu frá Reyni bakara í Kópavogi sem stundum er kennd við Hressingarskálann í Reykjavík og kölluð „Skálaterta“. Sagðist hann vilja deila henni með félögunum því hann ætti 71 árs afmæli þennan fimmtudag. Menn létu ekki segja sér það tvisvar, og var sungið fyrir Baldvin: „*Hann á afmæli í dag, hann á afmæli hann Baldi…*“. Að því búnu var tertunni skipt á milli manna og líkaði hún vel. Annars voru fjörugar umræður yfir kaffi og tertu um áhugamálið, á báðum hæðum í Skeljanesi. Alls mættu 17 félagar + 1 gestur þetta ágæta fimmtudagskvöld í vesturbænum í Reykjavík.

24. september – SAC keppnin á morsi 2021.

Frestur til að skila keppnisgögnum í morshluta Scandinavian Activity keppninnar rann út á miðnætti 24. september. Keppnin sjálf fór fram viku fyrr, 18.-19. september.

TF3DC virkjaði TF3W í SAC CW keppninni 2021. Mynd: TF3JB.

Gögnum var skilað til keppsstjórnar SAC innan tímafrests fyrir eftirtalin kallmerki:

TF3EO; einm.fl., lágafl, öll bönd.
TF3VS; einm.fl., lágafl, öll bönd.
TF3W; einm.fl., háafl, 20 metrar. (Op. TF3DC).

Við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Mathías Hagvaag (með bak í myndavél), Þórður Adolfsson TF3DT, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Baldvin Þórarinsson TF3-033 (afmælisbarn), Sigmundur Karlsson TF3VE, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Til hægri er mynd af Skálatertunni góðu. Ljósmyndir: TF3GZ.

25. september - DXCC viðurkenningarskjal TF3EA.

DXCC viðurkenningarskjal TF3EA sem er til varðveislu hjá félaginu, var sett í vandaðan viðarramma og hengt upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA 25. september.

Fram kom m.a. í síðasta tölublaði CQ TF (3. tölublaði) að skjalið var gefið út 8. mars 1949, er númer 412 og er fyrir „Mixed DXCC“ ásamt uppfærslumiða í 110 einingar.

Líkur benda til, að DXCC viðurkenning TF3EA hafi verið sú fyrsta sem gefin var út til íslensks leyfishafa en Sigurður Finnbogason, TF3SF varð einnig handhafi DXCC á svipuðum tíma.

29. september – Fjarnámskeiði frestað.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 29. september:

Stjórn ÍRA samþykkti á fundi 28. september að fresta auglýstu fjarnámskeiði til amatörleyfis, sem átti að hefjast 4. október n.k. og ljúka með prófi Fjarskiptastofu 11. desember. Ástæðan er lítil þátttaka, en aðeins þrír skráðu sig og greiddu námskeiðsgjald. Þeir fá nú endur greitt.

Næsta námskeið verður í boði í febrúar til maí 2022. Athugað verður með að bjóða samtímis, staðarnámskeið í Háskólanum í Reykjavík og fjarnámskeið yfir netið.

Komi í ljós áhugi fyrir að sitja próf til amatörleyfis án undangengins námskeiðs, mun félagið taka það mál upp við Fjarskiptastofu að efnt verði til prófs til amatörleyfis 11. desember n.k.

Stjórn ÍRA.

2. október – CQ WW RTTY DX keppnin 2021.

35. CQ WW RTTY DX keppnin fór fram 25.-26. september 2021. Frestur til að skila dagbókum til keppnisstjórnar rann út á miðnætti 1. október. Dagbókum var skilað inn fyrir alls átta TF kallmerki vegna þátttöku í keppninni í fjórum keppnisflokkum.

TF1AM – einmenningsflokkur – háafl.
TF2CT – einmenningsflokkur – háafl.
TF3IRA – einmenningsflokkur – háafl.

Óskar Sverrisson TF3DC virkjaði TF3IRA í CQ WW RTTY DX keppninni 25.-26. september. Ljósmynd: TF3JB.

TF3AO – einmenningsflokkur – háafl, aðstoð.
TF2MSN – einmenningsflokkur – lágafl.
TF3VE – einmenningsflokkur – lágafl.
TF3VS – einmenningsflokkur – lágafl.
TF3PPN – einmenningsflokkur – lágafl, aðstoð.

Niðurstöður verða kynntar í marshefti CQ tímaritsins 2022.

3. september – NRAU fundur yfir netið.

Fundur fulltrúa Norðurlandafélaganna (*Nordisk Radio Amatør Union, NRAU*) fór fram laugardaginn 2. október. Fulltrúar félaganna hafa yfirleitt fundað í einhverju Norðurlandanna sama ár og ráðstefna IARU Svæðis-1 fer fram, en að þessu sinni var fundurinn haldinn yfir netið vegna Covid-19. Markmið fundarins var (eins og fyrri ár) annarsvegar að stilla saman strengi systurfélaganna á Norðurlöndum til undirbúnings fyrir ráðstefnuna og hinsvegar að ræða sameiginleg mál.

Ole LA2RR.

Kristján TF3KB.

Kristján Benediktsson, TF3KB, IRAU/NRAU tengiliður félagsins, sat fundinn og Ole Garpestad, LA2RR varaforseti IARU var fundarstjóri. Kristján sagði m.a. að hljóð hafi verið gott í mönnum og að fram hafi komið hugmynd um að fulltrúar félaganna hittist oftar, e.t.v. mánaðarlega yfir netið. Hann sagði m.a. að menn væru sammála um, að áður kynnt framtíðarvinna á vegum IARU Svæðis-1 verði ekki afgreidd á ráðstefnunni, frekar sé um að ræða verkefni til nokkurra ára. Þakkir til Kristjáns fyrir þátttöku í fundinum.

5. október – Góð skilyrði á HF.

DX skilyrði á HF byrjuðu að batna upp úr miðjum septembermánuði (2021) og hafa haldist nokkuð góð síðan. Þegar þetta er skrifað voru böndin t.d. vel opin alveg upp á 28 MHz í CQ WW DX SSB keppninni



Myndin er fengin að láni hjá ElectronicNotes á netinu. Bent er á fróðleg erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar TF3DX á heimasíðu ÍRA, m.a. um sólbletti og skilyrðin; samhengi sólbletta og skilyrða til radíósambanda. Vefslóð: http://www.ira.is/itarefni/

sem haldin var 30.-31. október. Í desembermánuði (2021) verða liðin 2 ár frá því við vorum á botni 11 ára sólblettasveiflunnar þannig að þess er að vænta að skilyrðin muni batna enn frekar.

Líkt og gjarnan gerist þegar sólin er þetta virk koma truflanir (segulstormar) vegna þess að meiri virkni sólar þýðir meiri norðurljós og óstöðugleika samanber stöplarit (og fleiri myndir) sem sjá má á vefsíðu NOAA: https://tinyurl.com/fluxindices

5. október – Verðhækkanir.

Stærsta vefverslun fyrir radíóamatöra í Evrópu, WiMo í Þýskalandi upplýsti á heimasíðu sinni 5. október að Icom hafi tilkynnt 5% verðhækkun frá verksmiðju eftir miðjan október (2021).

Á netinu tala menn um að e.t.v. komi þessi verðhækkun ekki fram í verði hjá stærri seljendum, en ekkert er þó víst í þeim efnum. Menn segja líka að Yaesu sé [líklega] að hækka verð á allri sinni framleiðslu. Ástæða er sögð vera hækkað verð íhluta (sem m.a. er afleiðing af Covid-19 faraldrinum).

Myndin er af Icom IC-7300. Stöðin er mest selda 100W HF/50 MHz sendi-/móttökustöðin fyrir radíóamatöra.

6. október – Loftnetavinna í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ vann að undirbúningi enduruppsetningar 160 metra loftnets félagsstöðvarinnar 6. október. Loftnetið var sett upp 26. júní s.l., en slitnaði niður í roki í ágústmánuði. Georg tók niður gömlu festinguna og setti upp 3 metra hátt vatnsrör (á þakið fyrir utan fjarskiptaherbergið á 2. hæð). Hann gekk síðan frá rörinu með stagfestu í þakið sem verður mótvægi við togkraftinn frá væntanlegum loftnetsþræði.

Georg Kulp TF3GZ á þaki hússins í Skeljanesi í sólinni 6. október. Gamla festingin farin og 3 metra hátt vatnsrör komið upp á sama stað.

Fyrirhuguð enduruppsetning gerir ráð fyrir að loftnetsþráðurinn liggi í „einu hafi“ í austsuð-austurátt frá húsinu og endi í 6 metra háu vatnsröri sem verður reist í stað núverandi 4 metra rörs með samsíðafestingu við einn girðingarstaurinn sem þarna er (skammt frá dælustöðinni). Að sögn Georgs, er nýr loftnetsvír sem kominn er í hús, gerður fyrir íslenskar aðstæður. Vírinn var keyptur var hjá Ísfelli í Hafnarfirði.

Stagfestan komin í þakið. Síðustu handtökin hjá Georg voru að stilla strekkjarann. Eftir er að reisa hærra vatnsrör við girðinguna við dælustöðina. Síðan verður loftnetið sett upp aftur.

Áformað er að ljúka enduruppsetningu loftnetsins fyrir 160 metrana áður en tekið verður til við uppsetningu loftneta fyrir 80, 40, 60 og 30 metra böndin. Þakkir til Georgs fyrir frábært vinnuframlag.

Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A léttir í lund í Skeljanesi 6. október. Vínarbrauðslengja frá Björnsbakarí var með kaffinu. Ljósmyndir: TF3JB.

9. október – Grein um amatör radíó.

Tímaritið Raflost sem er ársrit VÍR, félags rafmagns- og tölvuverkfræðinema við Háskóla Íslands kom út í sumarbyrjun 2021.

Meðal efnis í blaðinu er greinin „*Amatör Radíó*“ eftir Kristinn Andersen, TF3KX og Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA. Þeir félagar gera áhugamálinu góð skil. Umfjöllunin skiptist eftirfarandi: Upphaf amatör radíós; merkjategundir; leyfi fyrir amatör radíó; búnaður radíóamatöra; félagsstarf radíóamatöra og lokaorð.

Greininni fylgir m.a. ljósmynd af þeim Elínu Sigurðardóttur, TF2EQ og Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN ungmennafulltrúum ÍRA. Þakkir til þeirra félaga fyrir áhugaverða og vel skrifaða grein. Vefslóð: https://tinyurl.com/VIRgrein

9. október – Nýtt bandplan fyrir QO-100.

Uppfært bandplan fyrir Oscar 100 gervihnöttinn ES‘hail-2/Oscar 100 er nú í boði. Það kemst fyrir á einni A4 blaðsíðu og var eintak prentað út í lit, plastað og framleitt fyrir gervihnattastöð félagsins í Skeljanesi 9. október. Planið er myndrænt og skýrt (samanber meðfylgjandi mynd) og afar þægilegt að hafa til viðmiðunar þegar farið er í loftið á 2.4 GHz.



Þegar þetta er skrifað eru a.m.k. fimm TF kallmerki QRV um QO-100, þ.e. TF1A, TF3E, TF3IRA, TF3LB og TF3VP. A.m.k. tvö kallmerki til viðbótar verða væntanlega virk á næstunni.

Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir að útvega skjalið til framleiðslu fyrir félagsstöðina.

10. október – Norðurljósaspár.

Háskólinn í Alaska; University of Alaska Fairbanks, birtir reglulega norðurljósaspár sem eru gerðar til 27 daga í senn. Hægt er að velja á milli fimm sviðsmynda (korta), fyrir Norður-Ameríku, Evrópu, Norðurpólinn, Suðurpólinn og Alaska. Á meðfylgjandi mynd hefur verið valið kort yfir Evrópu.



Spáin fyrir Evrópu 10. október var þessi: „*Forecast: Auroral activity will be moderate. Weather permitting, moderate displays will be visible overhead in Tromsø, Norway and Reykjavik, Iceland, and visible low on the horizon as far south as Sundsvall, Sweden and Arkhangelsk, Russia*“.

Áhugaverð heimasíða fyrir radíóamatöra (og aðra) sem hafa áhuga á fjarskiptum hér uppi í norðrinu.

Vefslóð:

https://www.gi.alaska.edu/monitors/aurora-forecast

11. október – Radíódót frá TF3WS.

Sigurður Harðarson, TF3WS færði félaginu fullan bíl af radíódóti 11. október. Sigurður hefur verið duglegur í gegnum árin, að „gauka“ að félaginu dóti



Lesið á merkingar á dótinu. Um er að ræða viðtæki, mælitæki, spólukassa og panelmæla í 19" einingum o.m.fl.

fyrir félagana að nýta á einn eða annan hátt. Þetta hefur verið dót af góðum gæðum enda stoppað stutt við. Svo var einmitt að þessu sinni, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Þakkir til Sigga Harðarsonar, TF3WS fyrir að hugsa til félagsins.

Mynd sem sýnir hluta af dótinu sem barst til félagsins frá Sigurði Harðarsyni TF3WS 11. október. Ljósmyndir: TF3JB

11. október – Morsmerki á skjá.

Þegar búið var að tæma radíódótið úr bílnum, færðu menn sig upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Þar dró Siggi fram heimasmíðaðan „morsþýðara“, sem hann tengdi við fartölvuna sína og síðan var morsað með handlyklinum og „Voila!“ stafirnir birtust á skjá tölvunnar sem og á litlum skjá á tækinu sjálfu.

Skýringin að baki þessu heimasmíðaða tæki er, að Arngrímur B. Jóhannesson, TF5AD var beðinn um að morsa texta sem hugmyndin er að birtist á stórum skjá

Morsþýðarann“ stilltur í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Lítill skjár er „monteraður“ á kassann með stillitökkum.

Og „græjan“ hikstaði ekkert á að þýða morsið fljótt og vel sem sent var frá handlyklinum, meira að segja þegar sent var nokkuð hratt.

samhliða flutningi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á tónleikum í menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Siggi Harðar tók að sér að útvega Addo „græju“ sem megi nota á milli morslykils og risatölvuskjás á sviðinu í Hofi. Siggi leitaði til nokkurra leyfishafa sem og til félagsins. Til að gera langa sögu stutta, þá komst Siggi í samband við Hrafnkel Sigurðsson, TF8KY (fyrir milligöngu Guðmundar Inga, TF3IG) og smíðaði Keli þýðara og gerði kláran. Þess má geta að Keli hafði smíðað svipað/samskonar tæki fyrir Guðmund Inga áður.

Tækið virkar vel og var prófað að senda bæði orð og kallmerki, punkta og kommur. Skemmtilegt dæmi um gott samstarf á milli félagsmanna.

Á leið úr húsi hitti Siggi fyrir Odd B. Helgason, ættfræðing hjá ORG ehf., ættfræðiþjónustunni sem hefur aðsetur í húsinu í Skeljanesi. Þeir settust svo inn á skrifstofu Odds sem sagðist ætla að sýna Sigga „hversu vel hann væri ættaður“. Ljósmyndir: TF3JB.

13. október – Lota 25 í hámarki 2025.

Brátt verða liðin tvö ár frá því ný sólblettasveifla hófst (lota 25) samanber meðfylgjandi línurit. Skilyrðin eru þegar byrjuð að batna, en hámarki er spáð 2025.



Kevin B. Loughin, KB9RLW setti saman stutt myndband þar sem hann ræðir skilyrðin og sýnir m.a. viðtökuna á hærri böndunum í eigin QTH í Indiana í Bandaríkjunum. Athyglisvert myndband (um 15 mín. að lengd). Vefslóð: https://tinyurl.com/qrznowmynd

13. október – Viðtækið í Perlunni QRV.

Viðtæki Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ í Perlunni varð virkt á ný 13. október. Tækið var upphaflega sett upp 24. ágúst s.l., og tekið niður til viðgerðar í byrjun október.

Hlusta má á tækið yfir netið. Um er að ræða Airspy R2 SDR viðtæki fyrir 24-1800 MHz (á VHF og UHF). Loftnet er Diamond D-190 sem er fyrir þetta tíðnisvið. QTH er Perlan í Öskjuhlíð í Reykjavík. Viðtækið stillir sig sjálfvirkt (*e. default*) inn á APRS QRG 144.800 MHz, samanber APRS vefsíðuna: http://SDR.ekkert.org/map Vefslóð á viðtækið: http://perlan.utvarp.com



Þakkir til Karls Georgs, TF3CZ fyrir verðmætt framlag. Viðtækið er mikilvægt fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

14. október – Fjarskiptaherbergi undirbúið.

Fjarskiptaherbergi TF3IRA var undirbúið fyrir opnun fimmtudagskvöldið 14. október. Komið var fyrir nýju plöstuðu bandplani fyrir QO-100 gervitunglið á fjarskiptaborði C (sbr. umfjöllun um bandplanið framar í kaflanum). Að auki var komið fyrir útprentaðri fjarskiptadagbók í gormi fyrir þá sem kjósa að skrá sambönd á pappír. Samskonar dagbækur voru jafnframt settar á fjarskiptaborð A og B. Loks var fundargerðum frá stjórnarfundum 3 og 4 komið fyrir á tilkynningatöflu.



Uppfært bandplan fyrir QO-100 komið á sinn stað á fjarskiptaborði C.

Sérprentuðum gormuðum fjarskiptadagbókum var komið fyrir á öllum fjarskiptaborðunum þremur.



Samþykktar fundargerðir stjórnar ÍRA eru hverju sinni festar á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Fundargerðirnar eru jafnframt birtar á heimasíðu ÍRA og í félagsblaðinu CQ TF. Ljósmyndir: TF3JB.

14. október – Skemmtilegt kvöld í Skeljanesi.

Skemmtilegt kvöld. Góð mæting. Góðar umræður og létt yfir mannskapnum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 14. október. Sérstakur gestur félagsins þetta fimmtudagskvöld var Daggeir H. Pálsson, TF7DHP frá Akureyri. Að auki mættu þeir félagar Egill Þórðarson, TF3CG og Guðni Skúlason loftskeytamaður sem hefur hug á að fá útgefið leyfisbréf og koma í loftið á morsi.

Daggeir H. Pálsson TF7DHP sagði að það væri alltaf jafn gaman að hitta félagana.

Rætt um skilyrðin í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Frá vinstri: Guðni Skúlason loftskeytamaður, Þórður Adolfsson TF3DT og Egill Þórðarson loftskeytamaður og TF3CG.

Mikið var rætt um áhugamálið á báðum hæðum, þ.e. í salnum, í fjarskiptaherberginu og í herbergi QSL stofunnar.

Rætt var m.a. um CQ WW keppnirnar framundan, um loftnet (og loftnetsturna), nýjustu sendi-/móttökustöðvarnar, m.a. um Elecraft K4 og væntanleg ný flaggskip frá Icom og Kenwood.

Þetta snýst allt um loftnetin" sögðu þeir Georg Magnússon TF2LL og Þórður Adolfsson TF3DT.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A fór yfir notkun gervihnattastöðvar TF3IRA og sýndi gestum hve auðvelt er að hafa sambönd um Oscar 100 gervitunglið. Alls mættu 19 félagar + 2 gestir þetta ágæta fimmtudagskvöld í vesturbænum í Reykjavík.

14. október – TF2LL og OptiBeam OB 17-4.

Georg Magnússon, TF2LL hefur aftur sett upp OptiBeam OB 17-4 Yagi loftneti sitt. Hann notar nú sérútbúinn 4 tonna vagn með áfestum turni, sem hækka má í allt að 28 m hæð yfir jörðu. Vagninn var áður í eigu TF3ML.

Loftmynd af QTH TF2LL í Borgarfirði. Ljósmynd: TF2LL.

Georg prófaði loftnetið á ný í byrjun október og sagðist mjög ánægður með útkomuna.

OB 17-4 Yagi loftnetið uppsett. Turninn er reistur í 8 metra hæð á myndinni. Ljósmynd: TF2LL.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A útskýrði virkan gervihnattastöðvar TF3IRA. Egill Þórðarson TF3CG, Guðni Skúlason og fleiri fylgjast með og Daggeir, TF3DHP tók "fyrirlestur" Ara upp á myndband. Ljósmyndir: TF3JB.

16. október – SAC keppnin 2021.

Síðari hluti Scandinavian Activity keppninnar 2021 fór fram á SSB helgina 9.-10. október.

Gögnum var skilað til keppnisstjórnar fyrir 4 TF kallmerki í þremur einmenningsflokkum: Á 20 metrum háafli, á öllum böndum háafli og á öllum böndum lágafli. Heildarfjöldi innsendra keppnisdagbóka var 896.

TF2MSN – Öll bönd, lágafl.
TF8KY – Öll bönd, háafl.
TF3AO – 20 metrar, háafl.
TF3T – 20 metrar, háafl.

Fjórum dagbókum var einnig skilað inn fyrir TF kallmerki í morshluta keppninnar sem fram fór 18.-19. september. Þátttaka var í tveimur einmenningsflokkum; Á 20 metrum á háafli og á öllum böndum lágafli, auk viðmiðunardagbókar. Heildarfjöldi innsendra keppnisdagbóka var 1.412.

TF3EO – Öll bönd, lágafl.
TF3VS – Öll bönd, lágafl.
TF3W – 20 metrar, háafl.
TF3DC – Viðmiðunardagbók (*e. check-log*).

Hamingjuóskir til þátttakenda. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu SAC í febrúar 2022.

16. október – HB9CXZ.

Luigi, HB9CXZ var á landinu í október. Fjölskyldan ferðaðist um landið og komu m.a. í heimasókn til Óðins Þórs Hallgrímssonar, TF2MSN laugardaginn 16. október. Luigi hafði upphaflega ætlað að koma við í Skeljanesi fimmtudagskvöldið á undan, en náði því ekki. Fjölskyldan var mjög ánægð með ferðina og hefur hug á að heimsækja landið aftur næsta sumar.

Luigi, HB9CXZ í heimasókn hjá TF2MSN 16. október. Ljósmynd: TF2MSN.

Þá ætlar hann örugglega að koma við í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

17. október – Nýtt tölublað CQ TF.

Nýtt tölublað CQ TF, 4. tbl. 2021 kom út á heimasíðu félagsins 17. október. Blaðið var að þessu sinni 56 blaðsíður að stærð. Meðal efnis, auk greina frá ritstjóra og formanni:

- Félagsstarfið í Skeljanesi frá 18. júlí til 30. september.
- VHF/UHF leikar 2021, úrslit.
- TF útileikar 2021, úrslit.
- DXCC viðurkenningarnar.
- Mors – Lifandi hefð.
- SDR viðtæki.
- Besti árangur TF í CQ WW SSB keppnum frá upphafi.
- Bókahorn ÍRA.
- Viðurkenning TF3DC frá EDR.
- Þegar sent er erlendis til viðgerðar.
- Fundargerðir stjórnar: (1) Fundur nr. 2 2021/22 frá 6. maí; (2) fundur nr. 3 2021/22 frá 22. júní og (3) fundur nr. 4 2021/22 frá 31. ágúst.
- Helstu DX keppnirnar í nóvember 2021 – janúar 2022.

23. október – Langbylgjusendir á Vatnsendahæð.

Guðmundur Kristjánsson, fagstjóri rafmagns hjá Háskólanum í Reykjavík í iðn- og tæknifræðideild hafði samband við félagið, samanber eftirfarandi:

„Fyrir nokkru þá fór ég og Ágúst Valfells deildarforseti Verkfræðideildar HR, upp á Vatnsendahæð og sáum þar forlátan Marconi útvarpssendi frá 1938. Það er komin áætlum með að setja búnaðinn í gám til bráðabirgða en það eru áform um að finna sendinum varanlegt rými.

Til þess að þetta gangi upp þá vantar okkur sjálfboðaliða til að taka sendinn í sundur og því langar okkur til að leita á ykkar náðir og heyra hvort þið hefðuð tök á að aðstoða eða gætuð bent á einhverja sem væru reiðubúnir.

Tíminn er knappur og því þyrfti að ganga rösklega til verks. Það stendur nefnilega til að rífa húsið sem sendirinn stendur í eftir 2-3 vikur“.

Erindinu er hér með komið á framfæri við félagsmenn.

Hafa má samband við:

Guðmund Kristjánsson, Háskólanum í Reykjavík, GSM sími: 695-1327.

Bóas Eiríksson, rafmagnsverkfræðing, GSM sími: 898-1920.

Stjórn ÍRA.

Erindið var birt á heimasíðu 23. október. Félaginu barst síðan póstur frá Guðmundi í lok október þar sem hann þakkaði aðstoð og aðkomu félagsmanna ÍRA að verkefninu.

15.-24. október – Ráðstefna IARU Svæðis 1.

Kristján Benediktsson, NRAU/IARU tengiliður ÍRA tók þátt í fjarfundi síðari hluta ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem haldin var yfir netið (vegna Covid-19 faraldursins) dagana 15.-24. október 2021. Um var að ræða framhald fyrrihluta ráðstefnunnar sem haldin var 11.-16. október 2020 (einnig yfir netið af sömu ástæðum).

Kristján Benediktsson TF3KB á síðasta fundi framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 með fulltrúum landsfélaganna (fyrir Covid-19 faraldurinn) sem haldinn var í Friedrichshafen 21. júní 2019. Ljósmynd: TF3JB.

Á ráðstefnunni var kosin ný framkvæmdastjórn Svæðis 1 og er hún skipuð eftirfarandi leyfishöfum: Formaður: Sylvain Azarian, F4GKR. Varaformaður: Hani Raad, OD5TE. Ritari: Mats Espling, SM6EAN. Gjaldkeri: Andreas Thiemann, HB9JOE. Meðstjórnendur: Ahmad AlHoli, 9K2DB; Joerg Jaehrig, DJ3HW; Alessandro Carletti, IV3KKW; Lisa Leenders, PA2LS og Oliver Tabakovski, Z32TO.

Sylvain Azarian, F4GKR.

Í lok ráðstefnunnar var tilkynnt um viðtakendur Roy Stevens, G2BVN minningarverðlauna IARU Svæðis 1. Þau féllu í skaut þeirra Ole Garpestad, LA2RR og Hans Blondeel Timmerman, PB2T.

Roy Stevens, G2BVN minningar-verðlaunin eru æðsta viður-kenning IARU Svæðis 1.

Ole Garpestad, LA2RR var kosinn í framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 árið 1999. Hann gegndi embætti formanns frá árinu 2002 til 2008 og hefur, frá 2009, gegnt embætti varaforseta heimssamtaka landsfélaga radíóamatörfélaga, International Amateur Radio Union, IARU. Ole Garpestad hefur starfað að hagsmununamálum radíóamatöra í meir en 30 ár.

Ole Garpestad, LA2RR

Hans Blondeel Timmerman, PB2T var kosinn í framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 árið 2002. Hann gegndi embætti formanns frá árinu 2008 til 2014. Hann hefur, síðastliðin fjögur ár, gegnt embætti ritara frá 2017 til 2021. Þar á undan var hann í forsvari fyrir ráðgjafarnefnd Svæðis 1 sem fjallar um ytri samskipti, auk þess að sinna ráðgjöf um gervihnattasamskipti frá árinu 2016. Hann hefur, á sama tíma, verið í forsvari fyrir alþjóðaráðgjafanefnd IARU um tíðniskipan fjarskipta um gervitungl á tíðnisviðum radíóamatöra.

Hans Blondeel Timmerman, PB2T.

Bæði Ole, LA2RR og Hans Blondeel, PB2T eru félagsmönnum ÍRA að góðu kunnir. Þeir hafa báðir heimsótt Ísland ótal sinnum og komu t.d. báðir til Íslands í maí 2013 þegar framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 hélt árlegan fund svæðisins hér á landi.

Sérstakar þakkir til Kristjáns Benediktssonar, TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar félagsins fyrir þetta vandasama og mikla vinnuframlag í þágu ÍRA (auk undirbúnings) – að ógleymdri þátttöku hans fyrir okkar hönd í NRAU fundinum 2. október. Sjá nánar grein TF3KB annarsstaðar í blaðinu.

24. október – Félagsblað USKA væntanlegt.

Erindi barst póstur frá Ralf Doerendahl, HB9GKR sem heimsótti Skeljanes nýlega. Ralf var mjög hrifinn af starfsemi ÍRA og tók þá m.a. eftir því að félagsblað landsfélagsins í Sviss, USKA, var ekki að finna í bókahillum í Skeljanesi.

Ralf segir í tölvupóstinum að bunki af eldri HBradio félagsblöðum hafi verið póstlagður til félagsins og að okkur muni berast eintak af blaði þeirra reglulega frá og með desemberblaði 2021. Þakkir góðar til USKA.

Ralf HB9GKR náði m.a. sambandi við leyfishafa heima í Sviss frá félagsstöðinni TF3IRA. Yngvi TF3Y fylgist með. Ljósmynd: TF3JB.

Ralf Doerendahl, HB9GKR sem er búsettur í Aarau skammt frá Zürich í Sviss var staddur hér á landi í 9. skipti í haust. Hann mætti í félagsaðstöðuna ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y en þeir hafa m.a. virkjað saman fjallatinda. Ralf er mikill áhugamaður um SOTA (*Summits On The Air*) verkefnið og hefur verið QRV frá mörgum löndum, m.a. frá Færeyjum. Hann notar Elecraft KX-3 sendi-/móttökustöð og stangarloftnet.

SOTA snýst um að fara á fjöll með fjarskiptatæki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi og hérlendis eru þeir alls 910.

24. október - CQ WW DX SSB keppnin 2021.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 24. október. Að þessu sinni var m.a. sérstaklega opnað á fleirmenningsþátttöku frá félagsstöðinni í Skeljanesi.

CQ World Wide DX SSB keppnin fer fram helgina 30.-31. október. Þetta er 48 klst. keppni og engin tímatakmörk.

Markmiðið er að ná eins mörgum samböndum og hægt er við aðra radíóamatöra um allan heim – í eins mörgum löndum (DXCC einingum) og á eins mörgum CQ svæðum og frekast er unnt. Keppt er á 1.8, 3.5, 7, 14, 21 og 28 MHz.

Þetta er stærsta alþjóðlega SSB keppni ársins. Undanfarin ár hafa yfir 35 þúsund radíóamatörar haft sambönd keppnisdagana. Í boði eru 66 mismunandi keppnisflokkar (tveir nýir bætast við í í ár, „Explorer“ og „Youth“).

Í ljósi nýlegra tilslakana heilbrigðisráðherra á takmörkum vegna farsóttar, kemur til greina að skoða á ný þátttöku í fleirmenningsflokki frá félagsstöðinni í Skeljanesi. Áhugasamir félagar eru beðnir um að hafa samband við Óskar Sverrisson, TF3DC keppnisstjóra ÍRA (GSM 862-3151). Hugmyndin er ennfremur, að ræða keppnina í félagsaðstöðunni n.k. fimmtudagskvöld.

Stjórn félagsins hvetur félagsmenn til þátttöku og að skila inn radíódagbókum að henni lokinni. Látum TF og CQ svæði 40 hljóma á sem flestum böndum þar sem á annað borð eru skilyrði til fjarskipta.

Með ósk um gott gengi! Stjórn ÍRA.

Heimasíða keppninnar: https://www.cqww.com/index.htm
Keppnisreglur: https://www.cqww.com/rules.htm

28. október – Opið hús í Skeljanesi.

Góð mæting var í félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 28. október.

Rætt um nýjustu stöðvarnar. Mathías Hagvaag TF3MH, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Skemmtilegar umræður og menn hressir, enda CQ WW DX SSB keppnin framundan. Samt (eins og alltaf) eru vissar áhyggjur af skilyrðunum til fjarskipta í keppninni.

Baldvin Þórarinsson TF3-033, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Sigmundur Karlsson TF3VE.

Á góðri stundu. Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Því til viðbótar var var rætt um áhugamálið á báðum hæðum; í salnum, í fjarskiptaherberginu og í herbergi QSL stofunnar en jafnt og þétt hefur borist af QSL kortum undanfarið.

Loftnetamálin í brennidepli. Georg Magnússon TF2LL, Georg Kulp TF3GZ og Þórður Adolfsson TF3DT.

Rætt var um loftnet, loftnetaefni, fæðilínur og mismunandi aðferðir við að fæða loftnet. Einnig rætt um VHF/UHF stöðvar á markaði.

Þó nokkuð er enn í boði af radíódóti. Georg Magnússon TF2LL og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG skoða. Ljósmyndir. TF3DC.

Alls mættu 19 félagar + 1 gestur í Skeljanes þetta veðurmilda vetrarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

29. október – Verðlaunagripir og verðlaunaskjöl.
Verðlaunagripir og verðlaunaskjöl vegna þriggja fjarskiptaviðburða ÍRA á árinu 2021 hafa verið framleidd. Um er að ræða Páskaleikana, VHF/UHF leikana í júlí og TF útileikana um verslunarmannahelgina. Líkt og

fyrri ár, voru það Marko-Merki ehf., í Hafnarfirði sem framleiddu verðlaunagripi og Brynjólfur Jónsson, TF5B sem skrautritaði viðurkenningaskjöl.

Páskaleikar ÍRA 2.-4. apríl 2021.
1. sæti. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL.
2. sæti. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.
3. sæti. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN.

VHF/UHF leikar ÍRA 9.-11. júlí 2021.
1. sæti. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL.
2. sæti. Magnús Ragnarsson, TF1MT.
3. sæti. Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM,

VHF/UHF leikar 2021; Sérstök viðurkenningaskjöl.
Viðurkenning fyrir bestu ljósmyndina sem tekin var í leikunum: TF1MT.
Viðurkenning fyrir skemmtilegustu færsluna á netinu í leikunum: TF1MT.

TF útileikar ÍRA 31. júlí-2. ágúst 2021.
1. sæti. Verðlaunaplatti. Andrés Þórarinsson, TF1AM.
2. sæti. Viðurkenningarskjal. Einar Kjartansson, TF3EK.
3. sæti. Viðurkenningarskj. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.
4. sæti. Viðurk.skj. Íslenskir radíóamatörar, TF3IRA.
5. sæti. Viðurkenningarskj. Eiður K. Magnússon, TF1EM.

Afhending verðlauna og viðurkenninga fer fram í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Dagsetning verður tilkynnt síðar.

30. október - Marconi sendinn á Vatnsenda.
Henry Hálfdánarson, TF3HRY sagði á FB síðu sinni 30. október: *„Þá er búið að taka gamla Marconi sendinn niður á Vatnsenda. Þetta voru fleiri hendur en ég. Gat platað strákana mína til að hjálpa til og fleiri komu að, en aðalkarlarnir voru samt Guðmund-*

Henry Hálfdánarson TF3HRY með strákunum. Henry er lengst til hægri. Ljósmynd: TF3WS.

Þá er búið að taka gamla Marconi sendinn niður á Vatnsenda. Ljósmynd: TF3HRY.

ur Kristjánsson og Ágúst Valfells frá HR, en það eru kraftaverkamenn get ég sagt. Þeir eiga allan heiðurinn af því að bjarga sendinum. Ég kom bara til að rétta hönd“.

2. nóvember – Viðtæki yfir netið eru mikilvæg.

Alls eru fjögur viðtæki yfir netið í boði hér á landi. Þrjú KiwiSDR viðtæki þekja tíðnisviðið frá 10 kHz til 30 MHz. Þau eru staðsett í Bláfjöllum, á Bjargtöngum og á Raufarhöfn. Fjórða viðtækið yfir netið er staðsett í Perlunni í Öskuhlíð í Reykjavík. Það er Airspy R2 SDR viðtæki fyrir 24-1800 MHz. Vefslóðir:

Bláfjöll: http://bla.utvarp.com:8080/
Bjargtangar: http://bjarg.utvarp.com
Raufarhöfn: http://raufarhofn.utvarp.com
Perlan: http://perlan.utvarp.com

Í nýliðnum októbermánuði var nokkuð um bilanir í búnaði tækjanna en það er vaskur hópur manna sem leggur metnað í að halda þeim í lagi (svo ekki sé talað um tíma og fjármuni). Þetta eru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ, Karl Georg Karlsson TF3CZ, Árni Helgason TF4AH (Patreksfirði) og Rögnvaldur Helgason TF3-Ø55 (Raufarhöfn).

TF1A.

Stjórn ÍRA metur mikils og þakkar þessum félagsmönnum fyrir dugnað og elju við að sinna þessu verkefni sem er mikilvægt fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

TF3GZ.

TF4AH.

TF3CZ.

TF3-Ø55.

8. nóvember – CQ WW DX SSB keppnin 2021.

Keppnisdagbækur voru sendar inn fyrir 11 TF kallmerki í 6 mismunandi flokkum, auk viðmiðunardagbókar.

TF2CT	Einm.flokkur, öll bönd, háafl.
TF2LL	Einm.flokkur, öll bönd, háafl.
TF8KY	Einm.flokkur, öll bönd, háafl.
TF3T	Einm.flokkur, öll bönd, háafl, aðstoð.
TF2MSN	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl.
TF3VS	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl.
TF3AO	Einm.flokkur, 10M, háafl, aðstoð.
TF3DC	Einm.flokkur, 15M, lágafl, aðstoð.
TF3JB	Einm.flokkur, 20M, lágafl, aðstoð.
TF3IRA	Viðmiðunardagbók (*e. check-log*).
TF3SG	Viðmiðunardagbók (*e. check-log*).

Þessi þátttaka er sú 5. mesta frá TF frá upphafi keppninnar (1948) en flestar dagbækur voru sendar inn eftir keppnina 2015 eða 13 talsins. Sjá nánar fróðlega samantekt um CQ WW í 70 ár (1948-2017) í 2. tbl. CQ TF 2018, bls. 26.

https://tinyurl.com/CQTF-2-2018

Niðurstöður verða birtar í maíhefti CQ tímaritsins 2022.

9. nóvember – Ástandsskoðun í Skeljanesi.

Tölvupóstur barst til félagsins 5. nóvember frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg, eiganda hússins að Skeljanesi. Erindið var eftirfarandi: „Við erum að fara í vinnu við ástandsúttekt á húsi 23 á Skeljungssvæði og stendur til að fara í skoðun næsta mánudag. Æskilegt væri að komast í öll rými“

Skoðunin fór síðan fram 9. nóvember og mætti TF3JB fyrir hönd ÍRA. Á staðnum voru fulltrúar VSÓ og Borgarinnar. Fram kom m.a. að okkar hluti hússins var reistur árið 1934 en sá hluti sem ORG efh., Sniglarnir og vagnstjórar SVR hafa til afnota var reistur árið 1974. Öll rými hússins voru skoðuð og ljósmynduð. Í framhaldi mætti sérstakt teymi

Skeljanesi 9. nóvember. Davíð Skarphéðinsson er byggingarfræðingur og húsasmíðameistari með framkvæmdamat og ástandsmat sem sérsvið hjá VSÓ. Rúnar Ingi Guðjónsson, byggingarfræðingur BFÍ og verkefnastjóri framkvæmda og viðhalds hjá Borginni.

sérfræðinga á staðinn viku síðar (16. og 17. nóvember) sem vann hina eiginlegu úttekt.

Fram kom, að verkbeiðni Borgarinnar til verkfræðistofu felst í eftirfarandi liðum:

1. Meta ástand byggingar í heild.
2. Fyrirskrifa tillögur að viðgerðum á byggingum.
3. Kostnaðarmeta og gefa út kostnaðaráætlun byggðum á viðgerðartillögu.

ÍRA og ORG ehf. hafa lengst leigt í húsinu. Við fengum inni í ársbyrjun 2003 en ORG ehf. flutti inn á árinu 2002. Miðstöð nýbúa sem hafði aðsetur í húsinu flutti þaðan í árslok 2001.

Vettvangsskoðun í Skeljanesi 15.1.2021.

Skoðunin 9. nóvember og úttektin 16. og 17. nóvember komu til í framhaldi af vettvangsskoðun Eignaskrifstofu Borgarinnar á húsinu í Skeljanesi 15. janúar (2021). Um var að ræða 10 manna starfshóp. TF3JB, TF3PW og TF3UA voru fulltrúar félagsins á staðnum.

Frá heimasókn starfshópsins 15. janúar 2021. Myndin var tekin í fundarsal ÍRA. Allir voru með andlitsgrímur og sumir notfærðu sér handsprittið á hvíta borðinu til vinstri. Þekkja má Jón Björnsson TF3PW (fyrir miðri mynd) og Sæmund E. Þorsteinsson TF3UA fyrir aftan hann.

Fram kom m.a. þá, að í uppfærðri húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur (Nýi Skerjafjörður-Fornleifaskrá og húsakönnun skýrsla nr. 204) er lagt til að elstu húsin sem standa á fyrrum lóð Shell (Skeljungs) við Skeljanes, þ.e. skrifstofuhús (Skeljanes 23, mhl 01, norðurhluti), íbúðarhús (Skeljanes 23, mhl. 01, suðurhluti), Bifreiðaskúr (Skeljanes 19, mhl. 02) og áfyllingarhús (Skeljanes 21, mhl. 03), njóti verndar í gulum flokki. Í uppfærðri húsakönnun er einnig lagt til að Skeljanes 27 skolpdælustöð, b. 1992, hljóti verndun í rauðum flokki.

Frekari upplýsingar og frásögn má sjá á bls. 169-170 í Ársskýrslu 2020/21 sem lögð var fram á aðalfundinum 13. mars 2021. Vefslóð:

https://tinyurl.com/arsskyrsla2021

11. nóvember - CQ WW WPX 2021, CW, úrslit.

Úrslit liggja fyrir í CQ WW WPX keppninni 2021 á morsi sem haldin var 28.-29. maí 2021. Keppnisgögn voru send fyrir 7 TF kallmerki, þar af eru 3 viðmiðunardagbækur (*e. check-log*).

Tvær stöðvar voru einnig skráðar með ábreiðu (e. *overlay*) í flokknum „Tribander/single element“.

Keppnisflokkar voru þrír: Öll bönd, lágafl; öll bönd háafl og 20 metrar háafl. Niðurstöður eru sýndar hér á eftir. (H) sýnir stöðuna yfir heiminn og (EU) sýnir stöðuna yfir Evrópu.

TF1AM einm.fl., öll bönd, háafl: (H) 762 / (EU) 353.
TF3VS einm.fl., öll bönd, lágafl: (H) 515 / (EU) 320.
TF/KA1IS einm.fl., öll bönd, lágafl: (H) 164 / (EU) 106.
TF3Y einm.fl., 20M, háafl: (W) 136 / (EU) 78.
Viðmiðunardagbækur: TF3DC, TF3JB og TF3SG.

Vefslóð: https://www.cqwpx.com/

11. nóvember – Félagsaðstaðan í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 11. nóvember. Sérstakur gestur var Baldur Sigurðsson, TF6-009 félagsmaður okkar á Reyðarfirði (áður Egilsstöðum).

Georg Kulp TF3GZ, Baldur Sigurðsson TF6-009 og Þórður Adolfsson TF3DT.

Mikið var rætt um loftnet, þ.á.m. dípóla og balun, vertíkala og Yagi lofnet. Einnig rætt um deltur sem geta verið spennandi lausn fyrir marga og m.a. vísað í fróðlega grein TF3KB sem birtist í næst síðasta hefti CQ TF (3. tbl. 2021). (https://tinyurl.com/CQTF-2021-3)

Nýjustu tímaritunum flett yfir kaffinu við stóra fundarborðið. Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3MH.

Georg Kulp TF3GZ og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS í QSL stofunni á 2. hæð.

Rætt um skilyrðin, en um helgina er síðasta stóra RTTY keppni ársins (WAE) á HF. Að mörgu leyti mjög áhugaverð keppni og vinsæl. Margir eru ánægðir með að 80 metrarnir eru lægsta band í keppninni því fæstir sem búa í þéttbýli hafa tök á að setja upp vel nothæft DX loftnet á 160 metra bandi.

Við stóra fundarborðið. Mathías Hagvaag TF3MH, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Kjartan Birgisson TF1ET og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Góð mæting var miðað við hve Covid-19 faraldurinn er að ná sér á strik, en 12 félagar komu í Skeljanes þetta frostmilda fimmtudagskvöld í vesturbænum í Reykjavík.

Georg Kulp TF3GZ, Björgvin Víglundsson TF3BOI og Baldur Sigurðsson TF6-009. Björgvin er m.a. að velta fyrir sér kaupum á nýrri HF stöð um þessar mundir. Ljósmyndir: TF3JB.

15. nóvember – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (*e. cluster*) vikuna 8.-14. nóvember 2021. Samskonar samantektir voru gerðar í janúar, febrúar, apríl, maí, júní, ágúst og september á þessu ári.

Alls fengu 13 íslenskir radíóamatörar skráningu að þessu sinni. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), en einnig á morsi (CW), tali (SSB) og RTTY á 10, 15, 17, 20, 30, 40, 60, 80 og 160 metrum.

Upplýsingarnar eru fengnar á http://www.dxsummit.fi/#/ Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund/-ir útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 á 10, 15, 30 og 40 m.
TF1EIN	FT8 á 60 m.
TF2MSN	FT8, SSB, RTTY á 12, 15, 17 og 20 m.
TF3AO	RTTY á 20 m.
TF3JB	FT8 á 17, 30 og 160 m.
TF3MH	FT8 á 17 m.
TF3PPN	FT8 og RTTY á 20 m.
TF3T	SSB á 10 m.
TF3VE	FT4, FT8 á 20 og 60 m.
TF3VG	FT8 á 15 o 80 m.
TF3XO	FT8 og SSB á 20 og 80 m.
TF3Y	CW á 20 m.
TF5B	FT8 á 12 og 17 m.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.



Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN var virkur á tímabilinu á FT8 og SSB. Myndin er Óðni Þór í glæsilegri fjarskiptaaðstöðu hans heima á Akranesi. Ljósmynd: TF2MSN.

17. nóvember – Grímuskylda á ný í Skeljanesi.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 17. nóvember:

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verður opin fimmtudaginn 18. nóvember kl. 20-22 fyrir félagsmenn.

Stjórn ÍRA hefur ákveðið að á ný verði tekin upp grímuskylda í húsnæðinu. Fjarskiptaherbergi verður opið (mest 3 samtímis) og QSL herbergi (mest 2 samtímis). Kaffiveitingar verða ekki í boði.

Ákvörðunin er tekin í ljósi núverandi reglugerðar heilbrigðisráðherra um hertar opinberar sóttvarnaráðstafanir vegna Covod-19 – en sér í lagi vegna ríkjandi óvissu í ljósi þess að nú virðist hafin ný bylgja Covid-19.

Vegna kórónaveirunnar er þess farið á leit, að félagar sem hafa hug á að mæta í Skeljanes fresti því ef þeir kenna lasleika af einhverju tagi, af virðingu við aðra.

Verið velkomin í Skeljanes.

Stjórn ÍRA.

18. nóvember – Góð sending frá USKA.

ÍRA barst stór pakki frá landsfélagi radíóamatöra í Sviss, USKA 17. nóvember. Um er að ræða árganga félagsblaðs þeirra, HBradio, fyrir árin 2016-2021.

USKA gefur út 6 tölublöð á ári og er hvert blað 50-80 bls. að stærð. Ný blöð munu hverju sinni berast til félagsins í pósti, það næsta í desember.

Blaðið veitir áhugaverða innsýn í viðamikið starf landsfélags radíóamatöra í Sviss. Greinar í blaðinu eru [mest] á þýsku, frönsku og ítölsku; en móðurmál meirihluta Svisslendinga er þýska.

Myndin er af sendingunni sem barst til félagsins frá USKA 17. nóvember. Ljósmynd: TF3JB.

HBradio mun liggja frammi á fimmtudagskvöldum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Erindi hefur verið sent til stjórnar USKA með þakklæti.

18. nóvember – Skeljanesi 18. nóvember.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 18. nóvember.

Allir með grímu og setið dreift. Frá vinstri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Óskar Sverrisson TF3DC, Gerog Kulp TF3GZ, Þórður Adolfsson TF3DT og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Þetta var fyrsta opnunarkvöldið í nokkurn tíma með grímuskyldu, en án kaffiveitinga og þar að auki voru fjarskiptaherbergi og QSL herbergi með takmarkaðan aðgang – enda ríkjandi óvissa þar sem nú virðist hafin ný bylgja af kórónaveirunni.

Nýja HBradio blaðið frá Sviss skoðað. Georg sá m.a. frásögn frá Íslandi og ljósmyndir af þeim Ara Þórólfi Jóhannessyni TF1A í nýjasta tölublaðinu; nr. 5/2021.

Menn áttu þó góða stund í félagsaðstöðunni enda ætið næg umræðuefni þegar áhugamálið er annars vegar.

Alltaf er gaman að sjá umfjöllun um félagið og okkar menn í erlendum amatörblöðum.

Þakkir til Hans Konrads Kristjánssonar, TF3FG sem færði okkur áhugavert radíódót.

Alls komu 9 félagar í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í vesturbænum í Reykjavík.

Hans Konrad Kristjánsson TF3FG færði félaginu radíódót, m.a. tölvur, tölvuskjái og tvö eldri tæki, 100W VHF sendi og loftnetsaðlögunarrás. Ljósmyndir: TF3JB.

19. nóvember – Varahlutur fyrir stangarloftnet TF3IRA.

New-Tronics Hustler 5-BTV stangarloftnet TF3IRA hafði um nokkurn tíma verið óstarfhæft á 80 metrum. Þann 19. nóvember barst félaginu ný spóla, RM-80-S á loftnetið.

Spólan er gerð fyrir allt að 1kW og uppgefin bandbreidd er 50-60 kHz á 80 metrum. Innkaup voru gerð hjá WiMo í Þýskalandi. Útlagður kostnaður var 16.202 krónur. Stefnt er að því að gera loftnetið klárt strax og veður leyfir.

20. nóvember – ÍRA fær listaverk að gjöf.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 20. nóvember:

75 ára afmæli félagsins Íslenskir radíóamatörar, ÍRA.
Afmælisgjöf frá ORG – Ættfræðiþjónustunni ehf.

Oddur Helgason framkvæmdastjóri ORG – Ættfræðiþjónustunnar ehf., afhenti Jónasi Bjarnasyni, TF3JB formanni ÍRA listaverk í tilefni 75 ára afmælis félagsins í Skeljanesi 17. nóvember s.l. Afhending fór fram að viðstaddri stjórn ÍRA.

Verkið ber nafnið „Bylgjur“ og er eftir listamanninn Lúkas Kárason. Það er unnið úr rekaviði af Ströndum. Oddur sagði, að þeim Reyni (meðeiganda hans í ORG ehf.) hafi fundist verkið passa svo vel við starfsemi radíóamatöra sem væru jú alltaf að fást við radíóbylgjur.

Jónas þakkaði Oddi góð orð og sagðist taka við gjöfinni fyrir hönd félagsins með ánægju og þakkaði góðan hug þeirra félaga til ÍRA.

Oddur Helgason framkvæmdastjóri ORG, Ættfræðiþjónustunnar ehf. afhendir Jónasi Bjarnasyni TF3JB formanni ÍRA listaverkið Bylgjur að gjöf í tilefni 75 ára afmælis ÍRA sem var 14. ágúst 2021. Myndin var tekin þegar gjöfin var afhent formlega á stjórnarfundi í ÍRA 17. nóvember 2021. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

23. nóvember – CQ WW DX CW keppnin framundan.

CQ World Wide DX CW keppnin helgina 27.-28. nóvember var kynnt á heimasíðu og FB síðum 23. nóvember. Vakin var athygli á að þetta er 48 klst. keppni og engin tímatakmörk. Ennfremur, að markmiðið er að ná eins mörgum samböndum og hægt er við aðra radíóamatöra um allan heim – í eins mörgum löndum (DXCC einingum) og á eins mörgum CQ svæðum og frekast er unnt. Keppt er á 1.8, 3.5, 7, 14, 21 og 28 MHz.

Stjórn félagsins hvatti félagsmenn til þátttöku í þessari stærstu alþjóðlegu morskeppni ársins, þar sem í boði eru 66 mismunandi keppnisflokkar (en tveir nýir bætast við í ár, „Explorer“ og „Youth“).

23. nóvember – Erindi frá QSL stofu ÍRA.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 23. nóvember:

Mathías Hagvaag, TF3MH, QSL stjóri ÍRA QSL Bureau hefur tilkynnt stjórn félagsins um fyrirhugaða hækkun á gjaldskrá stofunnar.

Forsendur hafa verið skoðaðar og hefur verið ákveðið að kostnaður fyrir hvert kort hækki frá og með 1. desember 2021 í 12 krónur.

Gjaldskráin hækkaði síðast 15. apríl 2019, úr 9,50 í 10 krónur fyrir hvert QSL kort.

Stjórn ÍRA.

Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau. Mathías sagði, að um væri að ræða uppsafnaða hækkunarþörf auk þess sem Pósturinn hafi breytt verðskrá innbyrðis fyrr á þessu ári. Ljósmynd: TF3JB.

25. nóvember – Góðar umræður í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 25. nóvember.

Þetta var annað opnunarkvöldið í röð í nokkurn tíma með grímuskyldu, án kaffiveitinga og sem að fjarskiptaherbergi og QSL herbergi voru með takmarkaðan aðgang – enda ríkjandi óvissa þar sem nú virðist hafin ný bylgja af kórónaveirunni.

Góð stemning við stóra fundarborðið. Georg Kulp TF3GZ, Jón Björnsson TF3PW, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Óskar Sverrisson TF3DC og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Góðar umræður voru í félagsaðstöðunni fram til kl. 22:30, enda ætíð næg umræðuefni þegar áhugamálið er annars vegar. Þakkir til Hans Konrads Kristjánssonar, TF3FG sem færði okkur meira af áhugaverðu radíódóti.

Þó nokkuð hefur safnast upp að undanförnu af radíódóti í ganginum niðri í Skeljanesi.

Alls komu 9 félagar í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í froststillu í vesturbænum í Reykjavík.

TF3FG færði okkur m.a. þessa fjóra Band Pass Filtera í 19" "rack" kössum 25. nóvember. Ljósmyndir: TF3JB.

25. nóvember – TF1EIN setur upp OBW10-5 loftnetið.

Heimir Konráðsson, TF1EIN setti eftirfarandi færslu á inn FB síðu ÍRA 25. nóvember:

„Kom því loksins í verk að setja upp gamla fimmbanda OptiBeam loftnetið mitt. Það var búið að vera úti garði í hálft ár. Er með 12v 500 kg rafmagnsspil til að hífa upp og niður mastrið og netið, er trúlega 70-90kg. Síðan ég fékk rafmagnsspilið er það leikur einn að hífa upp og niður. Þvílíkur munur að fá loftnetið aftur í gagnið. Var búinn að gleyma hvað það virkar vel miðað við það sem ég hef verið að nota undanfarið“

Heimir í garðinum heima í Hveragerði að gera netið klárt. Ljósmynd XYL TF1EIN.



Loftnetið komið í fulla hæð og allt virkar. Netið er frá OptiBeam og er af gerðinni OBW10-5. Það er 10 elementa vír Yagi fyrir 20-17-15-12-10 metra böndin. Ljósmynd: TF1EIN.

29. nóvember – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (*e. cluster*) vikuna 23.-29. nóvember 2021. Samskonar samantektir hafa verið gerðar í átta skipti fyrr á þessu ári.

Alls fengu 16 íslenskir radíóamatörar skráningu að þessu sinni. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), en einnig á morsi (CW) og tali (SSB) á 10, 15, 17, 20, 30, 40, 60, 80 og 160 metrum, auk QO-100 gervitunglsins.

Upplýsingarnar eru fengnar á http://www.dxsummit.fi/#/ Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund/-ir útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 á 15, 40 og 160 metrum.
TF1AM	CW á 40 og 160 metrum.
TF1EIN	FT8 á 15 og 60 metrum.
TF1OL/P	FT4 og FT8 á 15 og 20 metrum.
TF2CT	FT8 á 30 metrum.
TF2MSN	FT8 og SSB, 15, 20 og 160 metrum.
TF3E	SSB á 20 metrum og um QO-100.
TF3IG	CW á 10 metrum.
TF3JB	FT8 á 80 metrum.
TF3PPN	FT4 og FT8 á 15 og 20 metrum.
TF3SG	CW á 15, 20, 40, 80 og 160 metrum.
TF3VE	FT8 á 60 metrum.
TF3VG	FT8 á 60 metrum.
TF3W	CW á 40 og 80 metrum.
TF3XO	SSB á 20 metrum.
TF5B	FT8 á 17 og 40 metrum.

Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG var virkur á tímabilinu á morsi á 10 metrum. Myndin er af glæsilegri fjarskiptaaðstöðu hans í Mosfellsbæ. Ljósmynd: TF3AM.

1. desember – Nýjung á heimasíðu ÍRA.

Opnunarsíða heimasíðunnar var uppfærð 1. desember. Í dálknum hægra megin er ný fyrirsögn: SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þar undir eru vefslóðir á SDR viðtækin fimm hér á landi sem eru í boði yfir netið, þ.e. Bláfjöll, Bjargtanga, Raufarhöfn, Vík í Mýrdal og Perluna.



Skjáskot úr KiwiSDR viðtæki eins og eru í Bláfjöllum, á Bjargtöngum og á Raufarhöfn. Þau eru fyrir viðtöku frá 10 kHz til 30 MHz. Hliðstæð mynd kemur fram á Airspy R2 SDR viðtækinu í Perlunni sem þekur tíðnisviðið frá 24-1800 MHz.

Aðeins neðar er fyrirsögnin TENGLAR. Þar undir eru vefslóðir á þrjár nýjustu ársskýrslur félagsins og þar fyrir neðan er slóð á undirsíðu CQ TF með öllum félagsblöðunum frá árinu 1964.

Þakkir fá Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS fyrir innsetninguna.

2. desember – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 2. desember. Þetta var þriðja opnunarkvöldið í röð með grímuskyldu og án kaffiveitinga, enda ríkjandi óvissa þar sem nú virðist hafin 4. bylgja kórónaveirunnar.

Skeljanesi 2. desember. Georg Kulp TF3GZ, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Góðar umræður og ágætt opnunarkvöld, enda næg umræðuefni þegar áhugamálið er annars vegar. Þakkir til Hans Konrads Kristjánssonar, TF3FG sem færði okkur áhugavert radíódót, m.a. mælitæki frá Motorola.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Sigurður Harðarson TF3WS samþykktu að láta grímurnar falla fyrir myndavélina. Ljósmyndir: TF3JB.

Alls komu 10 félagar í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í léttu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

2. desember – TF6M að 30 árum liðnum; 2008.

TF6M leiðangurinn var farinn í júlí 1978 að Kirkjubæjarklaustri. Áttmenningarnir sem fóru í ferðina hittust á veitingastaðnum Við tjörnina í Reykjavík

árið 2008 þegar 30 ár voru liðin frá því að kallmerkið var virkjað, 20-23. júlí 1978.

Við það tækifæri tók Jón Svavarsson, TF3JON ljósmynd af hópnum. Í sumar kom hann síðan á framfæri við TF3JB litmynd sem hann hafði stækkað á pappír. Í lok nóvember komst það síðan í verk að ramma inn ljósmyndina með texta sem segir frá leiðangrinum.

Verkefninu lauk þann 2. desember (2021) þegar myndin var afhent, fyrir hönd áttmenningana í fjarskiptaherbergi TF3IRA, þar sem henni hefur verið valinn staður á vegg til varðveislu.

4. desember – CQ WW DX CW keppnin 2021.

CQ World Wide DX keppnin á morsi fór fram helgina 27.-28. nóvember. Dagbækur voru sendar inn fyrir alls 9 TF kallmerki í 2 mismunandi keppnisflokkum, auk viðmiðunardagbóka.

TF1AM	Einm.flokkur, öll bönd, háafl, aðstoð.
TF3DC	Einm.flokkur, öll bönd, háafl, aðstoð.
TF3SG	Einm.flokkur, öll bönd, háafl, aðstoð.
TF3EO	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl.
TF3VS	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl.
TF8KY	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl.
TF3AO	Viðmiðunardagbók (e. check-log).
TF3JB	Viðmiðunardagbók (e. check-log).
TF3W	Viðmiðunardagbók (e. check-log).

Niðurstöður verða birtar í júníhefti CQ tímaritsins 2022. https://www.cqww.com/

4. desember – Nýtt KiwiSDR viðtæki í Vík.

Þann 4. desember bættist við 4. innanlandsviðtækið til hlustunar yfir netið af KiwiSDR gerð, staðsett í Vík í Mýrdal. Viðtækið hefur afnot af tveimur dípólum á 40 og 80 metrum í fullri stærð.

KiwiSDR viðtækin vinna frá 10 kHz upp í 30 MHz. Hægt er að hlusta á AM, FM, SSB og CW sendingar og má velja bandbreidd sem hentar hverri mótun. Allt að átta notendur geta verið skráðir inn samtímis.

Georg Kulp, TF3GZ lánar viðtækið, Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A lánar beini og veitti tæknilega aðstoð og Jóhann Einarson, TF1TJN útvegaði aðstöðu og setti tækið upp á staðnum. Slóðin er: http://vik.utvarp.com/

Þakkir til viðkomandi fyrir verðmætt framlag. Hér um að ræða mikilvæga viðbót fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

4. desember – Flutningur úr geymslu í Skeljanesi.

Gerð voru makaskipti við ORG ehf., á herbergjum á 2. hæð í húsinu í Skeljanesi árið 2011 þegar ÍRA fékk núverandi aðstöðu í hornherbergi fyrir QSL stofu og smíðaaðstöðu. Þegar dót félagsins var flutt á milli herbergja á sínum tíma gleymdist hins vegar að tæma geymslurými inn af fyrra herberginu.

Hluti þess sem kom út úr geymslunni, afgangurinn var fluttur í fjarskiptaherbergið til bráðabirgða.

Nýverið, þegar ástandsskoðun fór fram 9. nóvember s.l. var þess farið á leit við ORG ehf., að geymslan yrði opnuð til að kanna með ástand geymslunnar. Þá kom í ljós að aðstaðan var sneisafull (upp í rjáfur) af dóti frá félaginu.

TF3GZ og TF3JB mættu síðan í Skeljanes 4. desember og var geymslan tæmd. Dótið var flutt til bráðabirgða yfir í QSL herbergið og það sem var umfram í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Í framhaldi verður farið yfir innihaldið og það flokkað.

Loftnetin eru fest á milli tréstauranna tveggja. 40 metra dípólinn er samsíða 80 metra netinu og þeir nota sömu fæðilínu. Ljósmynd: TF1A.

4. desember – 160 metra loftnet ÍRA í resónans.

Þegar flutningum innanhúss í Skeljanesi lauk var farið til verka utanhúss. Á þessum árstíma er birta til vinnu ekki mjög löng, en veðuraðstæður voru hagstæðar, -4°C og logn. Lokið var við að stytta og resónera nýja loftnetsvírinn fyrir 160 metra loftnetið.

Eftir þá vinnu er aðeins eftir að skipta út 4 metra vatnsrörinu fyrir annað sem er 6 metrar að lengd. Þegar það verður gert þarf ennfremur að færa rörið úr stað miðað við núverandi staðsetningu. Stefnt er að því að ljúka þessum síðasta hluta þegar veður leyfir.

Loftnetið er hálfbylgju endafæddur vír (78 m langur) sem var upphaflega sett upp 26. júní en slitnaði niður í roki í ágústmánuði.

Hér á eftir er stutt yfirlit yfir þá vinnu sem hefur verið innt af hendi til að gera loftnetið klárt á ný. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ sem hefur unnið verkefnið af kostgæfni í þágu félagsins.

5. og 6. október. TF3GZ tók niður gömlu festinguna og setti upp 3 metra hátt vatnsrör á þakið fyrir utan fjarskiptaherbergið. Síðari daginn lauk hann síðan við verkið með frágangi á stagfestu í þakið sem verður mótvægi við tog frá væntanlegan loftnetsþræði.

5. og 6. október. TF3GZ gengur frá 3 metra háa rörinu á húsið og stagfestu í þakið sem mótvægi frá væntanlegum loftnetsvír.

20. nóvember. TF3GZ setti upp tengikassa á rörið á þakinu, tengdi loftnetsvírinn og gekk frá fæðilínu inn í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ennfremur var loftnetsvírinn strengdur í einu hafi, þvert yfir portið á bak við húsið. Vírinn endaði í vatnsröri úti við girðinguna við skolpdælustöðina.

20. nóvember. TF3GZ gengur frá tengikassa, fæðilínu og festir loftnetsvírinn uppi á þaki. Á jörðu niðri tókst að ganga frá uppsetningu rörsins við girðinguna þótt birtu hafi verið tekið að bregða.

28. nóvember. TF3GZ flutti nýtt 6 metra langt vatnsrör í Skeljanes. Eldra rörið (4 metra) var samt notað áfram (en fært á milli staura) svo það hentaði betur fyrir vírinn (sem hafði viljandi verðið keyptur of langur). Vírinn var styttur í einni atrennu, en niðurstöður reyndust ekki nógu góðar. Vegna þess að myrkur var að skella á og komin var hellirigning var ákveðið að hverfa af vettvangi að sinni.

4. desember. TF3GZ gerði nokkrar atrennur að því að fá loftnetsvírinn í rétta lengd. Farið var gætilega (til að stytta ekki um of) en í fjórðu atrennu voru menn ánægðir, samanber meðfylgjandi skjámyndir á loftnetsgreini.

Ekki gafst tími til að setja upp nýja 6 metra rörið að þessu sinni, en það verður gert við næsta tækifæri.

4. desember. Eftir fjórar atrennur var loftnetið komið í resónans.

6. desember – CQ WW DX CW keppnin; bráðabirgðaniðurstöður.

CQ World Wide DX CW keppnin fór fram 27. og 28. nóvember s.l. Keppnisgögn fyrir 9 TF kallmerki voru send inn, þar af 3 viðmiðunardagbækur (*e. check-log*).

Bráðabirgðaniðurstöður (*e. raw scores*) liggja fyrir frá keppnisnefnd samkvæmt áætlaðri stöðu í viðkomandi keppnisflokki yfir heiminn (H) og yfir Evrópu (EU). Endanlegar niðurstöður verða birtar í júníhefti CQ tímaritsins 2022.

Einmenningsflokkur, öll bönd, háafl, aðstoð:
TF3SG – H=353 / EU=166.
TF3DC – H=1021 / EU= 460.
TF1AM – H=1128 / EU=502.

Einmenningsflokkur, öll bönd, lágafl:
TF3VS – H=566 / EU=349.
TF3EO – H=690 / EU= 427.
TF8KY – H=1165 / EU=675

TF3AO, TF3JB og TF3W sendu inn viðmiðunardagbækur (*e. check-log*).

Tafla. Heimild Fjarskiptastofu á tíðnisviðinu 1850-1900 kHz gildir um tilgreindar alþjóðlegar keppnir á árinu 2022.

ALÞJÓÐLEG KEPPNI	Teg. útg.	DAG- OG TÍMASETNINGAR	ALLS
CQ World Wide 160 metra keppnin	CW	28.-30. janúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL International DX keppnin	CW	19.-20. febrúar, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World Wide 160 metra keppnin	SSB	25.-27. febrúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL International DX keppnin	SSB	5.-6. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WW WPX keppnin	SSB	26.-27. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WW WPX keppnin	CW	28.-29. maí, kl. 00:00-23:59	48 klst.
IARU HF World Championship	CW/SSB	9.-10. júlí, kl. 12:00-11:59	24 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	SSB	29.-30. október, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	CW	26.-27. nóvember, kl. 00:00-23:59	48 klst.
ARRL 160 metra keppnin	CW	2.-4. desember, kl. 22:00-15:59	40 klst.

7. desember – Sérheimild á 160 m endurnýjuð.

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FS) þann 7. desember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum árið 2022. Heimildin nær til keppnanna sem taldar eru upp hér að ofan.

Heimildin er veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili. Um þessa notkun gilda sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1810-1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Fjarskiptastofu eru eftirfarandi:

- Heimild er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir standa yfir (sbr. töflu).
- G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild miðast við mest 10W.

Leyfishafar skulu sækja sérstaklega um heimild Fjarskiptastofu með tölvupósti til hrh@fjarskiptastofa.is Það nægir að senda eina umsókn sem þar með gildir fyrir allar 10 keppnirnar á árinu 2022.

9. desember – Nýtt teppi á fundarsal.

Félaginu barst nýtt gólfteppi í fundarsalinn í Skeljanesi að gjöf þann 9. desember. Nýja teppið kemur í stað annars sem er minna. Það eldra var fært og sett undir fundarborðið, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Gefandi óskaði eftir að láta nafns síns ekki getið.

Nýja gólfteppið er mun stærra en það eldra og fer vel.

Eldra teppið var flutt og sett undir fundarborðið.

9. desember – HBradio 6. tbl. 2021.

6. tbl. HBradio, félagsblað landfélags radíóamatöra í Sviss, barst til ÍRA í viku 49 og lá frammi í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 9. desember (en HBradio berst nú reglulega til félagsins).

Á bls. 46-49 er skemmtileg frásögn Ralf Doerendahl, HB9GKR af ferð til Íslands í sumar (2021). Ralf var hér á landi í 9. skiptið í september og heimsótti m.a. félagsaðstöðuna í Skeljanesi ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y en þeir hafa m.a. virkjað saman fjallatinda í SOTA verkefninu (e. Summits On The Air).

Mynd af opnugreininni í blaðinu. Miðjumyndin til hægri er af Ralf HB9GKR og Yngva TF3Y.

USKA gefur út 6 tölublöð á ári og er hvert blað 50-80 bls. að stærð. Það veitir áhugaverða innsýn í viðamikið og vandað starf Svissneskra radíóamatöra. Greinar í blaðinu eru [mest] á þýsku, frönsku og ítölsku; en móðurmál meirihluta Svisslendinga er þýska.

Myndin er af fossi í klakaböndum með Kirkjufellið í Grundarfirði í baksýn.

10. desember – Erindi sent til Fjarskiptastofu.
Formlegt erindi var sent til Fjarskiptastofu 10. desember með umsókn um heimild fyrir starfrækslu endurvarpa á 1297 MHz (23 cm). Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ settu tækið upp í Bláfjöllum 19. ágúst s.l. Á þeim tíma var fengin munnleg heimild hjá FS. Tækið hafði gengið hnökralaust í tæpa 4 mánuði og var því komin tími til að sækja formlega um heimild til starfrækslu og fá úthlutað kallmerki; TF3RPL. Jákvætt svar barst frá Fjarskiptastofu 17. desember.

16. desember – ÍRA færð afmælisgjöf frá SRAL.
Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) færði Jónasi Bjarnasyni, TF3JB formanni ÍRA gjöf frá systurfélagi okkar í Finnlandi SRAL í tilefni 75 ára afmælis félagsins. Gjöfinni var veitt viðtaka í Skeljanesi 16. desember.

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA veitir gjöf SRAL formlega viðtöku í Skeljanesi og þakkar Erik Finskas OH2LAK/TF3EY. Ljósmynd: TF3DC.

Gjöf SRAL, áletraðar morspöllur (af KBX-380 gerð) smíðaðar af OH1KB, verður fundinn staður í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Gjöfinni fylgdi bréf frá Markku Tuhkanen, OH4UI framkvæmdastjóra SRAL ritað á íslensku. Ljósmynd: TF3JB.

Gjöfin er áletraðar morspöllur (af KBX-380 gerð) smíðaðar af þekktum finnskum radíóamatör, Tapio Hirvioski, OH1KB. Gjöfinni fylgdi bréf frá Markku Tuhkanen, OH4UI framkvæmdastjóra SRAL með eftirfarandi texta:

> Innilegar hamingjuóskir á 75 ára afmæli Íslenskra radíóamatöra!
>
> Fyrir hönd allra finnskra radíóamatöra viljum við óska kærum félögum okkar á Íslandi til hamingju.
>
> Íslendingar eiga sér sérstakan stað í huga Finna og þegar við hittumst finnum við strax tengingu. Hugrekki, sjálfstæði og kannski smá þrjóska ásamt góðu skopskyni, eru eiginleikar sem sameina okkur.
>
> Þar sem heimsfaraldur hindrar nú að við getum fagnað stórum áföngum saman, getum við aðeins vonast til að hittast fljótlega til að fagna saman í stærri hóp.
>
> Megi Erik Finskas OH2LAK/TF3EY vera góður fulltrúi Finnskra radíóamatöra á Íslandi.
>
> Við óskum öllum íslenskum félögum okkar alls hins besta, fjölda sambanda og góðra fjarskiptaskilyrða.

Jónas þakkaði Erik fyrir hlýlegar kveðjur og sagðist taka við gjöfinni fyrir hönd félagsins með ánægju og þakkaði góðan hug frá félögum okkar í Finnlandi til félagsmanna ÍRA.

Stjórnarmenn ÍRA sem voru viðstaddir viðburðinn. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Erik Finskas OH2LAK/TF3EY, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn. Ljósmynd: TF3ID.

22. desember – jólakveðjur.

Stjórn ÍRA óskaði félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári þann 22. desember. Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður.

26. desember – TF3YOTA.

Kallmerkið TF3YOTA var virkjað dagana 26., 29. 30. og 31 desember. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, setti stöðina í loftið frá Skeljanesi á hádegi á annan í jólum. Hún var QRV á 14 MHz SSB fyrstu þrjá dagana en síðan um QO-100 gervitunglið á gamlársdag.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ virkjaði TF3YOTA frá Skeljanesi 26. desember. Ljósmynd: TF3JB.

YOTA verkefnið „Youngsters on the air“ er sameiginlegt verkefni landsfélaga radíóamatöra innan IARU og er viðburðurinn í desembermánuði ár hvert. Verkefnið hófst árið 2018.

ÍRA hefur tekið þátt frá upphafi. Það eru þau Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi félagsins og YOTA verkefnisstjóri og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, aðstoðarverkefnisstjóri YOTA sem hafa annast starfræksluna.

30. desember – TF3YOTA í YOTA keppni.

YOTA keppnin (3rd Round) fór fram 30. desember. Keppnin byrjaði kl. 12 á hádegi og stóð til miðnættis. 23:59. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ er QRV í keppninni frá félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Þetta var þriðja og og síðasta YOTA keppni ársins. Sú fyrsta fór fram 22. maí, önnur 18. júlí og nú 30. desember.

Keppnisreglur: https://tinyurl.com/YOTArules

31. desember – TF3YOTA QRV á QO-100.

Elín setti kallmerkið í loftið á gamlársdag yfir QO-100 á gervitunglinu Es'hail 2. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A aðstoðaði.

Elín TF2EQ setti TF3YOTA í loftið um QO-100 gervitunglið á gamlársdag. Ljósmynd: TF3JB.

1. janúar - TF5B með yfir 25.000 QSO.

Brynjólfur Jónsson, TF5B hafði alls 25.237 QSO á árinu 2021. Samböndin voru höfð á FT8 samskiptareglum undir MFSK mótun. Þetta eru heldur færri sambönd en árið á undan (2020) þegar hann rauf 30 þúsund sambanda múrinn.

Brynjólfur Jónsson TF5B.

Fjöldi DXCC eininga: 154.
Fjöldi CQ svæða: 39 (vantaði svæði 36).
87.5% sambanda voru á 17, 20, 30 og 40 metrum.

Skipting sambanda eftir meginlöndum:
EU: 75.1%
NA: 12.6%
AS: 10.0%
OC: 1.1%
SA: 0.8%
AF: 0.4%



Myndin sýnir glæsilega fjarskiptaaðstöðu Brynjólfs Jónssonar TF5B á Akureyri. Ljósmynd: TF5B.

Hamingjuóskir til Billa með frábæran DX árangur á nýliðnu ári.

2. janúar – Nýtt kynningarefni.

Nýtt kynningarefni um amatör radíó var tilbúið 2. janúar (2022). Það var kynnt á heimasíðu og FB síðum sama dag.

Verkefnið var unnið af stjórn en umbrot var í höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Efnið verður til birtingar á heimasíðu ÍRA en útgáfuform er opna í stærðinni A4 (fjórar blaðsíur) sem eru prentaðar í lit.

Við undirbúning og vinnslu var m.a. haft til hliðsjónar hvernig önnur landsfélög radíóamatöra vinna kynningarefni af þessu tagi. Í framhaldi er til skoðunar að gera stutt kynningarmyndband (sem byggir á þessu efni) fyrir YouTube og heimasíðuna.

Þess má geta að þetta er í annað sinn sem ÍRA vinnur efni af þessu tagi, en frumraunin var gerð í tilefni 30 ára afmælis félagsins árið 1976.

Vefslóð: https://tinyurl.com/IRAkynning22

3. janúar – NRAU-Baltic keppnin 9. janúar.

Kynning á NRAU-Baltic keppnunum var sett á heimasíðu og FB síður 3. janúar.

Samtök norrænna landsfélaga radíóamatöra (Nordisk Radio Amatør Union, NRAU) gengst fyrir tveimur virknikeppnum sunnudaginn 9. janúar. Þetta eru 2 klst. viðburðir, hvor á 40 og 80 metrum.

SSB keppnin fer fram kl. 06:30-08:30; og

CW keppnin fer fram 09:00-11:00.

Þetta er keppnir á milli Norðurlandanna (JW, JX, LA, OH, OH0, OJ0, OX, OY, OZ, SM, TF) og

Eystrasaltslandanna (ES, LY, YL).

Í hugum flestra íslenskra radíóamatöra er NRAU e.t.v. þekktast fyrir að standa fyrir Scandinavian Activity Contest (SAC) keppnunum. En NRAU-Baltic keppnirnar og NRAU-Activity keppnirnar (NAC) eru þar til viðbótar.

Sjá nánar keppnisreglur á vefslóðinni: https://www.nraubaltic.eu/

6. janúar – Tryggvi G. Valgeirsson, TF3TI er látinn.

Tryggvi Garðar Valgeirsson, TF3TI hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað. Samkvæmt upplýsingum frá Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A og Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG andaðist hann á hjartadeild Landspítalans 5. janúar. Tryggvi Garðar var á 57. aldursári; handhafi leyfisbréfs nr. 280.

Um leið og við minnumst Tryggva með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

9. janúar – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) í síðustu viku ársins 2021; 26.-31. desember. Alls fengu 19 íslenskir radíóamatörar skráningu að þessu sinni. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), RTTY og tali (SSB) á 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40, 60, 80 og 160 metrum, auk QO-100 gervitunglsins.

Upplýsingarnar voru sóttar á http://www.dxsummit.fi/#/ Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá teg. útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 á 10 og 12 m
TF1AM	SSB á 15 m
TF1CB	SSB á 20 m
TF1EIN	FT8 á 40 m
TF1OL/P	FT8 á 30 m
TF2CT	FT4 og FT8 á 15, 17 og 40 m
TF2MSN	FT4, FT8, RTTY, SSB á 12, 15, 17, 60 og 160 m
TF3AO	SSB á 20 m
TF3IG	FT4 á 20 m
TF3JB	FT8 á 80 og 160 m
TF3MH	FT8 á 15 m
TF3PPN	FT8 á 15 og 40 m
TF3T	SSB á 10, 15 og 20 m

TF3VE	FT4 og FT8 á 15, 20, 30 og 60 m
TF3VS	FT8 á 12 og 15 m
TF3XO	SSB á 20 m
TF3YOTA	SSB á 20 m og QO-100
TF5B	FT8 á 12, 17 og 40 m
TF8KY	SSB á 10 og 40 m

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

Stjórn ÍRA.

Myndin er af glæsilegri fjarskiptaaðstöðu TF3JB í Reykjavík. Jónas var virkur á 80 og 160 metrum í síðustu viku ársins 2021. Ljósmynd: TF3JON.

12. janúar – Loftnetsvandræði í Skeljanesi.

Um kl. 14 þann 12. janúar, uppgötvaðist að einn af þremur fótum turnsins sem heldur uppi 4 staka OptiBeam YAGI loftneti TF3IRA var brotinn, en mjög hvasst hefur verið í Skeljanesi sem og annarsstaðar á landinu undanfarið. Annar fótur turnsins virðist einnig vera laskaður. Vegna þessa hallar turninn sjáanlega, sbr. ljósmyndir.

Aðkoman í Skeljanesi 12. janúar. Guðmundur B. Pálsson TF3AK á gangi frá turninum.

Skeljanesi 12. janúar. Mynd af turninum og loftnetinu frá öðru sjónarhorni.

Benedikt Sveinsson, TF3T (sem býr í nágrenninu) var snöggur á staðinn með bönd og strekkjara og upp úr kl. 15 var vinnu lokið við að treysta turninn eins vel og hægt var. Ákveðið var á þeim tímapunkti að gera ekki meira að svo stöddu, enda stutt í myrkur.

Sérstakar þakkir til Benedikts, TF3T fyrir verðmæta aðstoð. Ennfremur til Guðmundar Birgis Pálssonar, TF3AK sem mætti á staðinn með keðjur og strekkjara og til þeirra fjölmörgu sem hringdu og buðu fram aðstoð. Næsta skref er að hefjast handa þegar birtir 13. janúar.

13. janúar – Bráðabirgðaviðgerð hafin.

Vaskur hópur félagsmanna mætti í Skeljanes í birtingu þann 13. janúar til að treysta loftnetsvirki TF3IRA og var aðgerðum lokið kl. 15 og var mannvirkið tryggt til bráðabirgða. Verkefninu verður síðan lokið við fyrsta tækifæri.

Skeljanesi 13. janúar. Turninn reistur rétt fyrir kl. 15. Sigurður Harðarson TF3WS tekur saman verkfærin og gengur frá.

Georg Kulp, TF3GZ byrjaði fyrstur og rauf op í bárujárnsvegginn (sjávarmegin) á lóðinni til að opna aðgang að turnfestingunni. Það var mjög til þæginda því þar með var aðgangur greiður til athafna þar sem turnfóturinn stendur þétt upp við bárujárnið.

Georg Kulp TF3GZ rauf op í bárujárnsvegginn sem opnaði aðgang að turnfætinum og flýtti mjög fyrir vinnu dagsins.

Sigurður Harðarson, TF3WS tók við. Hann festi öflugan handstrekkjara til að rétta turninn af og var tóg bundið í dráttarkúluna á jeppabifreið hans til öryggis. Síðan festi Siggi flatjárn við turnfótinn (þar

Sigurður Harðarson TF3WS gerir sig kláran til að ganga frá og festa flatjárnið sem sett var upp til styrktar í stað turnfótarins sem hafði gefið sig.

Sigurður Harðarson TF3WS og Georg Kulp TF3GZ festa kjálkann fyrir rammann á skorsteininn.

sem festingin hafði brotnað). Hinn endinn var festur í múrbolta sem hann boraði fyrir í steypuvegginn (sjá myndir).

Veður var rysjótt á köflum, mikill strekkingur og kalt og gekk á með hríðarveðri, sérstaklega eftir kl. 14.30, en verkinu var lokið laust fyrir kl. 15.

Verkefnið var í höfn laust fyrir kl. 15. Eins og sjá má á myndinni er Sigurður TF3WS kuldalegur að sjá (en hress) þrátt fyrir 2 klst. útivist í strekkingi og hríðarveðri. Ljósmyndir: TF3JB.

Það voru þeir Benedikt Sveinsson, TF3T; Georg Kulp, TF3GZ; Sigurður Harðarson, TF3WS og Jónas Bjarnason, TF3JB sem mættu á svæðið. Henry Arnar Hálfdánarson, TF3HRY var til ráðgjafar. Þakkir til þessara félaga fyrir snögg viðbrögð og framúrskarandi góða aðkomu að verkefninu.

15. janúar – Verkefnið í höfn í Skeljanesi.

Aftur mættu menn í Skeljanes í birtingu laugardaginn 15. janúar. Verkefni dagsins var að ljúka við að treysta loftnetsvirki TF3IRA. Það gekk eftir og var aðgerðum lokið um kl. 13. Turn, loftnet og rótor eiga því að standast íslenskt vetrarveður á ný.

Sigurður Harðarson, TF3WS hafði hannað og smíðað öflugan ramma sem var festur með múrboltum sem voru boraðir í skorsteininn og nær ramminn utan um turninn. Hann var settur fyrir neðan strekkjarana. Honum til aðstoðar var Georg Kulp, TF3GZ og hjálpuðust þeir að við að setja upp og stilla búnaðinn.

Siggi hafði einnig smíðað nýjan og öflugri „hjálparfót“ í stað þess sem hafði verið settur upp til bráðabirgða daginn áður (sbr. ljósmynd). Veðuraðstæður voru hinar ákjósanlegustu, logn (að mestu) og -1°C frost.

Nýi „hjálparfóturinn“ er öflugur og kemur í stað turnfótarins sem brotnaði.

Það voru þeir Georg Kulp, TF3GZ; Sigurður Harðarson, TF3WS og Jónas Bjarnason, TF3JB sem mættu á svæðið, auk Benedikts Sveinssonar, TF3T.

Þakkir til þessara félaga fyrir framúrskarandi góða aðkomu að verkefninu.

Verklok laugardaginn 15. janúar. Sigurður Harðarson TF3WS og Georg Kulp TF3GZ ánægðir með vel heppnað verk. Myndir: TF3JB.

Vegferð til framtíðar

Kristján Benediktsson, TF3KB – IARU alþjóðatengiliður ÍRA

Segðu mér ekki hvar þú ert, heldur á hvaða vegferð þú ert, og ég skal segja þér hver þú ert, er stundum sagt. Radíóamatörar eru gjarnan á ferðalagi, en standa ekki í stað. Amatörpróf og -leyfi er ekki pallur til að standa á, heldur farvegur fyrir ferðalag til framtíðar. „Pallapuð. Skemmtun. Lífsstíll.“ Sérstakur heimur, sem birtist á ýmsan hátt og getur orðið heillandi og spennandi, en jafnframt krefjandi farvegur til spennandi ævintýra og menntunar.

Ferðalagið getur verið fjölbreytt og gefandi, allt eftir þínum áhugamálum og hvaða leið þú kýst að fara. Þú getur eignast nýja vini í félagsstarfi og radíósamböndum víðsvegar um heiminn, á morsi, tali, tölvusamböndum eða myndsendingum. Tekið þátt í keppnum, eða kannski skemmtilega ratleiknum refaveiðum í Heiðmörk. Öðlast innsýn í það margbreytilega umhverfi sem radíóbylgjur ferðast í um fareindahvolf, gervitungl, hitahvörf, loftsteina, norðurljós eða jafnvel tunglið.

1. Stefnumótun IARU Svæðis 1 til framtíðar

Um nokkurt skeið hafa radíóamatörar víða um lönd haft áhyggjur af minnkandi hlutfalli ungs fólks í sínum röðum. Nokkuð fer þó eftir löndum hvaða sögu menn hafa að segja. Sumir spyrja hvort þetta þýddi að við myndum smám saman deyja út. Stórt spurt, en engin patentsvör séð dagsins ljós, þótt mörgum möguleikum hafi verið velt upp.

Innan IARU hafa menn fylgst vel með þróuninni og velt fyrir sér mögulegum viðbrögðum. Framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 þar á meðal. Nóg til þess að nýverið var efnt til stefnumótunarvinnu og vegferðar til framtíðar fyrir amatörradíó. Fjöldi funda hefur verið haldinn sl. misseri í þessari vinnu, sem lauk með sérstakri Málstofu IARU Svæðis 1 um framtíð amatörradíós, sem stóð yfir dagana 16.-21. október 2021. Allir þessir fundir hafa á tímum Covid verið fjarfundir.

Höfundur, sem skipaður IARU alþjóðatengiliður félagsins hefur í samráði, samkomulagi og samvinnu við formann og stjórn tekið virkan þátt í þessari stefnumótun og sótt alla þessa fundi og Málstofu.

Til fróðleiks og sjálfsagðrar upplýsingar fyrir félagsmenn, er hér með ánægju og þakklæti gerð nánari grein fyrir þessu.

2. Niðurstöður Málstofu IARU Svæðis 1 um framtíð amatörradíós

Fyrir þá sem vilja fara beint í konfektkassann, eru niðurstöður Málstofunnar og þar með um leið ný markmið IARU Svæðis 1, kynntar hér fyrst. Þær eru eftirfarandi 8 höfuðmarkmið:

1. Amatörradíó endurnýjar og beinir athyglinni stöðugt að viðeigandi höfðun til fjölbreyttra áhugahópa í vísindum- og tækni.
2. Amatörradíó sé svo eftir sé tekið, aðgengileg og gestrisin starfsemi fyrir fólk af öllum aldri, bakgrunni, kyni og þjóðerni, sem bjóði upp á skemmtun, félagsskap og þroskandi starfsemi.
3. Amatörradíó bjóði upp á, svo eftir sé tekið, félagslega, hagræna, menntandi og fleiri hagsbætur fyrir samfélagið.
4. Tilrauna-, uppfinninga- og skapandi starfsemi eru mikilvægustu verkefni amatörþjónustunnar, sem almennt sé viðurkennd sem leiðandi forystuafl í þekkingu áhugamanna á þráðlausum fjarskiptum.
5. Amatörradíó sé vettvangur sem styðji sjálfsþroska og afburði í fjarskiptum og tækni og eflingu STEM hæfni (STEM er skammstöfun fyrir „Science, Technology, Engineering & Mathematics," sem er vel þekkt hugmyndafræði, sem leggur áherslu á eflingu þekkingar í vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði, einkum meðal ungs fólks).
6. Stjórnvöld, sjálfstæðar stofnanir og félög, atvinnumannasamtök og háskólasamfélagið viðurkenna viðeigandi og tæknilega getu amatörradíóþjónustunnar og hagsbætur hennar fyrir samfélagið.
7. Amatörradíó sé umtalsvert áberandi í fjölmiðlum, fyrir allt frá auðveldri aðkomu nýrra þátttakenda til afburða tæknilegs og vísindalegs árangurs.
8. IARU heldur uppi virkri starfsemi og stuðningi til eflingar aðildarfélaga sinna og samstarfi þeirra á meðal ásamt vexti þeirra og viðgangi.

3. Aðferðafræði

Framangreindar niðurstöður eru árangur umfangsmikillar og vandaðrar hópvinnu aðildarfélaga IARU Svæðis 1, sem fram fór í eftirfarandi áföngum:

- Fyrsta kynning í fjarfundi 24. mars 2021 um vinnuna fram undan á árinu 2021

Date	Forum (UTC)	Content
Friday 15th October	Conference: C2 only (16:00) C2+ HoDs: (17:00) Conference plenary: (18:00) (any delegate)	Credentials Initial review of budget Welcome Credential ratification Nominations for G2BVN trophy Program review
Saturday 16th October	Workshop (10:00) Workshop (13:00)	Familiarisation Module 1: Vision: our ambition for amateur radio
Sunday 17th October	Workshop (13:00)	Module 2 Vision: our ambition for amateur radio
Monday 18th October	Workshop (17:30)	Module 3 Strategic Objectives
Tuesday 19th October		Free day
Wednesday 20th October	Workshop (17:30)	Module 4 Key steps, obstacles, solutions
Thursday 21st October	Workshop (17:30)	Module 5 Actions, milestones, deliverables, timescales
Friday 22nd October		Free day
Saturday 23rd October	Conference (13:00) Workshop (contingency) (17:30)	Committee C2 Module 6 Actions, milestones, deliverables, timescales
Sunday 24th October	Conference plenary (13:00)	Committee C2 report EC elections Conference venue G2BVN

- Fjarfundur til kynningar og undirbúnings SVÓT greiningar aðildarfélaga IARU Svæðis 1, 21. apríl 2021
- SVÓT greining aðildarfélaga til 1. júní 2021
- Fjarfundur til yfirlits um niðurstöður SVÓT greininga, 12. júní 2021
- Fjarfundur NRAU til undurbúnings norrænu amatörfélaganna 2. október 2021
- Framhaldsráðstefna (í framhaldi af IARU Svæðis 1 fjarfundaráðstefnu 15. & 23.-24. október 2020) og
- Málstofa IARU Svæðis 1 um framtíð amatörradíós dagana 16.-21. október 2021, eins og sameinuð dagskrá ráðstefnunnar og Málstofunnar hér að framan sýnir.

4. Nánar um úrvinnsluna

i. Amatörradíó í dag

Hvar amatörradíó er statt nú á dögum var kannað með SVÓT greiningu, könnun á *styrkleikum*, *veikleikum*, *ógnunum* og *tækifærum* amatörradíós og landsfélaga í hverju landi.

Svörum var síðan forgangsraðað í sameiginlega niðurstöðu IARU Svæðis 1, sem er eftirfarandi. Nánari skýringar og rökstuðningur á hverju atriði eru fyrir aftan @ merkið.

❖ ***Styrkleikar***

- Öflugt samfélag @ Landsfélög, þátttaka í alþjóðastarfi, óháðir sendifulltrúar víðsvegar um heiminn, klúbbstarfsemi, alþjóðleg vinátta
- Tengsl við reglugjafa
- Fjölbreytt tæknileg áhugamál og kunnátta @ Fjölbreytt starfsemi og sérþekking og tenging yfir í STEM heiminn
- Almannaþjónusta @ Neyðarfjarskipti

❖ ***Veikleikar***

- Vilji og geta innan amatörsamfélagsins @ Samfella tilgangs, innri klúbb- og félagsmál, úrræði í boði
- Amatörradíó og hvaða mynd við gefum af því @ Gildi, kynning, tengsl við reglugjafa
- Öflun og áheldni nýrra félaga @ Fókus og hindranir þar á
- Lýðfræði radíóamatöra @ Aldursskipting

❖ ***Ógnanir***

- Vaxandi truflanir á tíðnisviðinu @ Vandamál rafsegulsamhæfis / EMC
- Minnkandi tíðniúthlutanir @ Hagsmunaþrýstingur í tíðnimálum og staðbundnar takmarkanir
- Amatörar kunni að verða undir í samkeppni við önnur svið @ Almenn aðgengis- kostnaðar- og viðhorfsmál
- Samband við stjórnvöld @ Viðhorf reglugjafa, loftnetamál, öryggis- og önnur mál

❖ ***Tækifæri***

- Öflun nýrra þátttakenda @ Tilkoma margra nýrra hópa áhugafólks um tækni og vísindi eykur áhugaverðleika amatörradíós
- Tækni @ Fjölbreyttar tæknilausnir í boði geta gert amatörradíó áhugaverðara
- Neyðarfjarskipti @ Nútíma fjarskiptainnviðir eru brothættir þegar mikið gengur á
- STEM @ Vaxandi vinsældir STEM gefa tækifæri til að vekja áhuga ungs fólks á amatörradíói

ii. Markmiðssetning

Næst var komið inn á vettvang hinnar fjarvirku og gagnvirku Málstofu IARU Svæðis 1.

Radíóamatör, sem hefur starfað sem ráðgjafi í sambærilegum hópvinnuferlum kynnti fyrirkomulagið og lagði þátttakendum jafnframt nokkrar „lífsreglur." Þetta væri alvöru stefnumótunarvinna, og ekki stæði til að búa til auglýsingu eða ímyndaða ímynd, heldur yrði að vera raunverulegt innihald á bakvið hugmyndir og tillögur, til að þær hefðu eitthvert gildi, og í samræmi við grunngildi radíóamatöra.

Leiðin, sem síðan var farin frá stöðutöku SVÓT greiningarinnar yfir í niðurstöður markmiðssetningarinnar, er vörðuð nokkrum vegamerkjum, sem hér verða rakin. Eðli málsins samkvæmt verður frásögnin fyrst og fremst í fyrirsögnum og stuttum skýringum, en ekki þeirri ofgnótt hugmynda, sem fram komu á leiðinni, og yrði allt of langt mál að tíunda.

iii. Yfirgnæfandi markmið

Hver er sýn okkar og metnaður til framtíðar fyrir amatörradíó og aðildarfélög okkar.

Athyglinni var fyrst beint að yfirgnæfandi markmiðum. Til að sýna hvað við er átt með því voru nefnd nokkur dæmi. Yfirgnæfandi markmið eru til dæmis: 1) Markmið sem Henry Ford setti í upphafi ferils síns, „*að gera bifreiðar að almenningseign*," 2) Markmið sem John F. Kennedy setti um „*að koma manni til tunglsins og til baka*," 3) Markmið sem Sony setti í upphafi ferils síns, þegar traust til japanskra tækja var lítið, var „*að gera vörumerkið að 50 árum liðnum eitt hið þekktasta í heimi, fyrir frumleika og gæði, sem jafnast á við það besta sem þekkist."*

Yfirgnæfandi markmiðum er ætlað það hlutverk, að færa starfsemina frá því sem hún er nú, yfir á hærra stig sem stefnt er að, án þess að tiltaka hvernig það skuli gert. Bara að það skuli gert. Það er síðan annarra, að finna útfærsluna.

iv. Grunngildi

Hver eru okkar gildi, hvað viljum við virða og hvað kunnum við að meta? Hverjar eru grunnhefðirnar, sem skilað hafa þeim mikla árangri, sem amatörhreyfingin á heimsvísu hefur náð, svo aðeins sé minnst hér á tíðnisviðin í því sambandi. Hvar værum við án þess?

Grunngildin eru meðan hinna yfirgnæfandi markmiða, sem við höldum í heiðri.

v. Kjarnatilgangur

Hér er athyglinni beint meira í átt að því sem við þurfum að framkvæma. Skref, lausnir og mögulegar hindranir. Hver vegna er amatöradíó til, hver er tilgangur þess? Þátttakendur beðnir að svara þannig spurningum. Kjarnatilgangur er annað og meira grundvallaratriði en bara að halda amatörradíói á lífi, eða fjölga amatörum. Svörin þurfa að segja hver sé nauðsynlegur kjarnatilgangur, og þurfa helst að geta enst áratugi og vakið áhuga og ástríðu meðal fólks.

vi. Strategísk markmið

Hvað er það sem við þurfum að koma í verk? Hverju viljum við stefna að, hver eru okkar strategísku markmið, helst 100 ár fram í tímann. Þar sem erfitt þótti að sjá fyrir sér 100 ár fram í tímann, var ákveðið að stytta það niður í 10 ár, sem er auðveldara að ímynda sér. Hér verður vinnu Málstofunnar og hvernig hún komst að sínum niðurstöðum lýst.

Þátttakendum var skipt í 10-15 undirhópa, með 7-9 einstaklinga af ólíkum bakgrunni í hverjum. Allir hópar tóku sér fyrir hendur sama verkefnið, að svara þeim spurningum, sem fyrir þá var lagt. Í hverjum hópi var leiðbeinandi, sem leiðbeindi um feril umræðnanna, en skipti sér ekki af innihaldi fram kominna tillagna. Hver hópur var í fullu hljóð- og myndsambandi innbyrðis, en engu sambandi við aðra hópa. Hver hópur hafði enn fremur aðgang að sameiginlegri hvítri „tússtöflu," af Miro gerð, sem sérhönnuð er fyrir gagnvirkt hópstarf yfir netið. Hver og einn þátttakandi gat skrifað sínar hugmyndir á mismunandi litaða límmiða og fest á tússtöfluna, sem allir þátttakendur höfðu aðgang að og sáu. Límmiðarnir, eftir því sem þeim fór fjölgandi, voru síðan færðir til og frá um tússtöfluna og raðað í hópa, eftir eðli og skyldleika hugmyndanna. Þannig myndaðist smám saman yfirsýn yfir hugmyndaheim hópsins. Hver slík hópvinna tók u.þ.b. klukkustund, eða þar um bil, en þá voru allir þátttakendur í heild tengdir saman aftur og farið yfir niðurstöðurnar.

Síðan fóru allar tússtöflur undirhópanna og litlu gulu, grænu, bláu og bleiku o.s.frv. miðar þeirra til sérstaks úrvinnsluhóps, kjarnateymis, sem fór yfir það sem fram var komið og vann úr hugmyndunum, einfaldaði og sameinaði, „kreisti safann úr sítrónunni," ef svo má segja yfir í áfanganiðurstöður, sem var sú sameiginlega afurð, sem út kom í hverju þrepi.

Kjarnateymið vann úr hugmyndum vinnuhópanna, einfaldaði og sameinaði, „kreisti safann úr sítrónunni".

Síðan er haldið áfram og áfram með nýjar og nýjar spurningar, og út koma nýjar og nýjar áfanganiðurstöður, einfaldað, leiðrétt „safinn kreistur úr sítrónunni," þar til að lokum lágu fyrir þau framtíðar markmið, sem að framan er greint.

vii. Aðgerðaráætlun

Framkvæmdin er skipulögð á þann hátt að sérstök Teymi skilgreina, skipuleggja og framkvæma þau markmið, sem skilgreind eru og vinna meira eða minna sjálfstætt, en gefa skýrslu sérstakri Stýrinefnd, sem hefur umsjón með Teymunum í umboði framkvæmdastjórnar. Embætti ritara styður síðan bæði Stýrinefndina og Teymin í sínum störfum. Unnið verður á næstu árum að fram komnum markmiðum, og miðað við að þeim verði náð eigi síðar en í október 2031.

5. Bakgrunnur

Talandi um að sjá 100 ár fram í tímann, væri ekki úr vegi að líta 100 ár aftur í tímann. Litlu munaði einu sinni, að amatörradíó yrði bannað fyrir óábyrga hegðan. Okkur til happs tóku framsýnir forystumenn í taumana og mótuðu skynsamleg grunngildi til að byggja á og afstýra því.

Meðal þessara grunngilda voru og eru enn:

- að ávinna okkur traust stjórnvalda fyrir ábyrga framkomu og hegðun
- að vera sem minnst áreiti og byrði á stjórnvöldum
- að stunda sjálfseftirlit innan eigin raða
- að setja hagsmuni heildarinnar ofar sérhagsmunum
- að tala einni röddu út á við

Þegar forystumenn okkar fóru að sækja ráðstefnur hjá ITU (International Telecommunication Union), sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna, og fóru að berjast fyrir tíðnum o.fl., var þeim tekið með vantrú og efasemdum í fyrstu. Hvaða erindi amatörar ættu eiginlega upp á pallborðið "meðal okkar atvinnumannanna." Á löngum tíma með grunngildum tók þetta viðhorf smám saman að breytast. Við eignuðumst smám saman rödd, sem hlustað var á og tekið var mark á. Njóta trausts sem ábyrgir viðsemjendur og virðingar sem hámenntaðir álitsgjafar.

Amatörradíó er ekki eitthvað sjálfsagt, sem varð til af sjálfu sér, eins og sumir virðast halda. Þess vegna er oft enn talað um amatörleyfi, ekki -réttindi (eins og mannréttindi, sem byggjast á mun sterkari laga legum grunni). Það var ekki ITU, stjórnvöld eða einhverjir aðrir sem fundu það upp. Heldur fundu radíóamatörar sjálfir það upp, byggðu það upp og af hugsjón með áhugann sem aðal drifkraftinn og gerðu það að því sem það er í dag. Meðal þess sem áunnist hefur og grunngildi eiga stóran þátt í, er:



- ótrúlegur fjölda tíðnisviða til afnota
- heimild til tilrauna, að smíða, breyta og gera við tækin okkar (sem fáir, ef nokkrir aðrir, hafa í sama mæli nú til dags)
- undanþága frá tegundarprófun og CE-merkingu, o.m.fl.

Það mætti kannski kalla þversögn, að þrátt fyrir engan atkvæðisrétt og engin formleg völd, hefur radíóamatörum tekist að koma ár sinni eins vel fyrir borð og raun ber vitni. Meðfylgjandi grafískt skipurit boðskiptaferla á alþjóðavísu gefur innsýn í hvernig framsýnir forystumenn okkar hafa komið þessu til leiðar (tekur kannski smátíma að átta sig á því við fyrstu kynni).

Stjórnvöld í hverju landi, sem sagt, fá oftar en ekki „sömu skilaboðin úr mörgum áttum:“ „Neðan frá, ofan frá og frá hlið:“ Frá félagi okkar, frá ITU, frá CEPT, o.fl.

Á öllum þessum stöðum hafa radíóamatörar verið að verki, þrátt fyrir engin völd, ekkert atkvæði, einungis rödd og tillögurétt og veru í öllum nefndum og ráðum. Þannig hefur okkur sjálfum tekist að móta amatörradíó, vegna trausts og yfirburða þekkingar.

Við erum sem sagt ekki bara „Launþegar,“ sem viljum sem mest laun fyrir sem minnsta vinnu, við erum líka „Atvinnurekendur,“ sem viljum sem mestan arð í hús, og við erum líka „okkar eigið Stjórnvald,“ (þótt svo sé auðvitað ekki formlega), sem vill og styður samfélagslegan ávinning.

Eins og að spila borðtennis, og takast á sama tíma að vera með margar hendur á lofti, allt í kringum borðið, „eða þannig :).“ Fullnaðarsigur er samt aldrei alveg í höfn. Þetta er stöðug vinna. Ekki alltaf dans á rósum, en til að klára þennan dans, þurfum við áfram sem hingað til að dansa í takt.

6. Virðisaukinn

Amatörradíó er ekki bara hobbý, heldur skilgreind radíóþjónusta samkvæmt reglugerð Alþjóðafjarskiptasambandsins, ITU (International Telecommunication Union), sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Þar hefur amatörradíó verið skilgreint sem: „Þjónusta sjálfsþjálfunar, innbyrðis radíóviðskipta og tæknilegra athugana, sem framkvæmdar eru af radíóamatörum, þ.e. einstaklingum með tilheyrandi leyfi og persónulegan áhuga á radíótækni, án fjárhagslegrar ágóðavonar.“

Þetta endurspeglast í markmiðum félags okkar ÍRA, sem gætir hagsmuna okkar í hvívetna, eflir kynningu og samstarf meðal okkar. Stuðlar að færni og góðum venjum í radíósamskiptum. Hvetur til viðbúnaðar í neyðarfjarskiptum. Eflir amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu, þar á meðal til tæknilæsis, tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta. Örvar radíóíþróttir og stuðlar að þróun amatörradíós sem þjóðarauðlindar. Stuðlar enn fremur að öflugri æskulýðsstarfsemi.

Við höfum verið og erum nokkurskonar grasrótarhreyfing, sem sameinar skemmtilega starfsemi og sjálfsmenntun á radíósviðinu, sem spannar allt frá fyrstu skrefum byrjandans upp í afburða akademíska frammistöðu. Upp úr þessu sprettur ýmiss konar starfsemi tilrauna-, uppfinninga- tækniþróunar-, vísinda-, þekkingaraukningar og samskipta í radíótækni. Byrjar sem áhugamál, sem upp úr spretta oft atvinnumenn. Þegar á heildina er litið, verður til margvíslegur virkur og menntandi ávinningur og virðisauki fyrir samfélagið.

Þar á meðal áhuga- og atvinnumenn, sem láta gott af sér leiða á margvíslegum fjarskiptatengdum vettvangi. Í björgunarsveitum og neyðarlínu, jeppa- og fjallafjarskiptum, skipa- siglinga- og flugfjarskiptum, fjarskipta- og símafyrirtækjum, meðal skáta, útvarps- og sjónvarpsstöðvum og dreifingu, auk margra kennara og einstaklinga á verkfræðistofum og í háskólasamfélaginu, svo aðeins sé minnst á fátt eitt sem er algerlega að virka hér á landi. Þessir einstaklingar hafa djúpstæða þekkingu fram að færa, tilbúnir að vera með puttana í öllu af ódrepandi áhuga. Leiðist ekki í vinnunni eins og sumum öðrum. Ótvíræð sönnun virðisauka fyrir samfélagið.

Vegna virðisaukans hafa aðildarlönd ITU samþykkt, að úthluta radíóamatörum sérstökum tíðisviðum af þeirri takmörkuðu auðlind. Einhverjir stærstu hagsmunir okkar sem heildar eru því einmitt þeir, að hafa raunverulegan virðisauka fram að færa.

7. Áfram til framtíðar

Veitum því athygli að allar hinar nýju stefnumótandi tillögur IARU Svæðis 1 til framtíðar, eru „yfirgnæfandi markmið,“ til að lyfta okkur hærra upp. Gera amatörradíó betra og sýnilegra á raunverulegum verðleikum. Leggjum okkar af mörkum í því.

Grækjum grunngildin! &Virkjum virðisaukann!

Tveir dípólar, annar slæmur og hinn góður

Georg Magnússon, TF2LL

Með CQ WW DX SSB keppnina síðastliðinn október í huga fór ég að skoða hvernig loftnet ég gæti sett upp fyrir 160 og 80 m böndin. Eitt loftnet með einni fæðilínu fyrir bæði böndin. Niðurstaðan var að útbúa hjámiðjufæddan dípól. OCF, off center feed. Hjámiðjufætt loftnet er hægt í einhverjum tilfellum að nota á mörgum böndum án loftnetsaðlögunar, tuners, en mín reynsla af OCF loftnetum kallar á tuner. Tilgangurinn með hjámiðju fæðingunni er í stuttu máli sá að fæðipunkturinn lendi hvergi í miðri heilbylgju sem kallar á mjög háan impedans, jafnvel einhver þúsundir ohma. Þá var og líka hugsunin að geta notað loftnetið til dagles brúks þegar þannig stæði á.

Sumir hafa kallað OCF loftnet Windom eða jafnvel Caroline Windom sem er ekki rétt þó svo að loftnetin líkist í útliti. Loren G. Windom W8GZ kynnti sitt loftnet í QST 1929. Útfærsla Windom‘s er eins og misarma T með lóðrétta legginn 14% út frá miðju og síðan fætt á móti jörð en OCF vinnur á sitt hvorum leggnum. Seinna komu svo Edgar Lambert WA4LVB, Joe Wright W4UEB og Jim Wilkie WY4R með endurbætta útfærslu á Windom loftnetinu og fékk loftnetið eða útfærslan nafnið Caroline Windom en þeir Edgar og Joe áttu heima í Norður Karólínu og Jim síðan í Norfolk, ekki langt frá en þess vegna er komið nafnið Karólína Windom.

En aftur að OCF útfærslunni. Til eru ótal útfærslur af OCF loftnetum en menn hafa verið að hliðra til fæðipunktinum fram og til baka, nota mismunandi fæðilínur en þumalputtareglan er fæðipunktur ca 1/3 frá enda. Á internetinu má finna helling af teikningum og útfærslum á OCF loftnetum, jú og í bókum líka. Heildarlengdin er alltaf miðuð við lægstu tíðni sem vinna á með og almennt gildir það í öllum vírloftnetum. Í þessu tilfelli hjá mér 1,850 MHz. Heildarlengdin verður þá : 300.000 sem er ljóshraðinn deilt með MHz eða 300.000/1,850 = 162,16 metrar og þá er hálfbylgjan 81,08 metrar. Ef menn vilja taka K stuðulinn með í dæmið er það í fínu lagi, en K stuðullinn er fundinn út frá nokkrum gildum, efni, einangrun og sverleika vírsins sem við notum, bylgjulengd og hæð frá jörðu svo eitthvað sé nefnt. Hraðinn breytist og þar með breytist lengd loftnetsins. Hægt er að finna K gildi leiðara í töflum á netinu ef menn nenna að grúska í slíku en K gildið gæti td verið 0,975 og þá breytist lengdin á loftnetinu svona :

150 fyrir hálfbylgju x K 0,975 = 146,25 deilt með 1,850 = 79,05 metrar sem er þá heildar lengdin hálfbylgju OCF loftnetsins fyrir 160 metra bandið. Eins og þið sjáið munar þarna 3 metrum þegar K gildið er tekið með í reikninginn. En mælum nú samt lengra og brjótum upp á legginn til þess að vera aflögufærir með lengri enda ef með þarf. Í þetta loftnet er ég að nota 2 mm sveran Copperweld, koparhúðaðan stálvír. Þessi vír er mjög sterkur en jafnframt frekar óþjáll viðureignar og grannir vírar eru bandmjórri en sverari, sem reyndar skiptir ekki máli í þessu tilfelli þar sem ég er að nota tuner.

Ég fékk þetta fína 50 metra langa málband í Kaupfélaginu og mig minnir að ég hafi einnig séð sömu tegund í Verkfæralagernum. Ódýrt miðað við lengd.

Langt og gott málband er nauðsynlegt við alla loftnetasmíði.

En þá er það staðsetningin á fæðipunktinum. Eins og áður sagði hafa menn verið að færa fæðipunktinn fram og til baka í gegn um tíðina hnikað til um einhver prósent, 21% og 79% er ekki óalgeng uppsetning. Í þessu tilfelli nota ég 1/3 sem er þá 1/3 af 81,08 m eða 27,02 metrar. Ég tek ekki K gildið með í reikninginn og þannig er ég nokkuð viss um að það sé talsverður umframendi.

Notaður er 50 ohm coax kapall til þess að fæða OCF loftnetið, en inngangurinn, impedansinn er ca 200 ohm og því þarf 4:1 balun auk þess sem straum choke er nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja bakflæði straums utan á fæðilínunni. Ég pantaði frá Palomar í USA það sem þeir kalla Hybrid 4:1 Balun og 1:1 Current Balun í einu boxi (sjá myndir á næstu síðu).

Til þess að vera viss um að það þyldi stöðugt 1 kW á RTTY ákvað ég að panta 5 kW útgáfuna sem er reyndar talsvert þung en kemur ekki að sök þar sem ég hef möguleikann á því að hífa þetta upp í turn.

Sýndarviðnámið eða impedansinn breytist nokkuð miðað við hversu hátt loftnetið er frá jörðu, því hærra

Samsetta 1:4 balunið og choke í vatnsheldum kassa.

Og hér sést svo innvolsið í kassanum.

því betra en hálfbylgja á 160 m er ekki raunhæf í þessu tilfelli og því dugar 4:1 balun ágætlega.

Að sjálfsögðu þarf OCF loftnetið ekki að vera svona langt, til eru margar útfærslur þar að lútandi, t.d. 20 metra löng útfærsla sem dugar fyrir böndin frá 40 – 6 m. Þá eru einnig til nokkrar útfærslur þar sem notuð er spóla á langa arminn og þannig er hægt að útbúa fjölbanda loftnet sem er til þess að gera mjög stutt í heldarlengdina. Síðan er ekkert sem mælir á móti því að beygja og sveigja svona OCF dípól, jafnt og aðra dípóla, allt eftir aðstæðum hjá hverjum fyrir sig. Þá er rétt að geta þess að dípól hvort sem um er að ræða OCF og eða jafnarma þarf ekki að hengja upp í hæstu hæðir, fínn árangur getur náðst í DX á háu böndunum og síðan getur komið fín NVIS virkni. NVIS stendur fyrir Near Vertical Incidence Skywave, en þá er loftnetið látið vera frekar lágt 2-3 metra frá jörðu og bylgjan fer nánast beint upp í loftið og hoppar niður strax aftur, hoppið verður stutt og því hentar það vel til innanlands viðskipta t.d. á 80 metra bandinu.

Í þessu tilfelli hjá mér er miðjan rúma 20 metra frá jörðu og síðan teygi ég armana langt út þannig að endarnir eru ca 6-8 metra frá jörðu. Þar með næ ég hér um bil virkni lágrétts dípóls. En hvernig virkaði svo loftnetið ? Jú það virkaði fínt, svo gott sem hvergi í almennilegum resónans eins og búist var við í svona málamiðlun en þó ágætlega innan marka og auðvelt fyrir tunerinn að ráða við. Standbylgjan hæst ca 3:1. Tunerinn sem ég er með er frá Palstar af gerðinni HF-AUTO.

Allt var eðlilegt þar til ég jók sendiaflið upp fyrir 200 wött en eftir það kom bullandi RF út um allan sjakk. Ég hef ekki verið í vandræðum með RF hingað til en staðsetningin á loftnetinu er ekki nema ca 20 m frá sjakk sem er 80 m nær en áður.

Loftnetið var klárt á CQ WW SSB keppnisdegi þannig að lítið var hægt að gera til þess að redda málunum annað en að henda saman Ugly balun á kóaxinn sjakk megin.

Fullviss um að þetta myndi nú kveða niður RF drauginn fyrir fullt og allt þannig að auðvelt yrði nú að hala inn helling af punktum í keppninni á 160 og 80 metrunum urðu vonbrigðin urðu talsverð þegar þetta dugði ekki og ég varð að játa mig sigraðan og notast við 200 wöttin á þessum böndum í keppninni.

En nú tók við leitin að þessu lævísa og lúmska RF. Ég byrjaði á því að yfirfara alla kapla og jarðtengingar. Setja ferrit hólka hingað og þangað. Tengja fram hjá tunernum, koma loftnetinu í resónans á 160 m en allt án árangurs. Um leið og bætt var í aflið byrjaði ballið aftur. Prufaði að skipta um stöð og aðra, hafði enda skipti á loftnetinu, langa leggin fyrir utan sjakkinn í stað stutta, hækka og lækka miðjuna til þess að breyta gráðunni á topphorninu, skipta um kóax, hljóðnema og fl. Niðurstaðan var að taka þetta loftnet niður og setja í endurvinnslu.

En hvað gæti ég nú sett upp í staðinn miðað við að nota nýja fína Hybrid balúnið? Eftir smá skrafl í bókum og á netinu var niðurstaðan Zepp útfærsla eða bara ósköp venjulegur jafnarma dípóll með 450 ohma fæðilínu. Dr. Hans Beggerow kom fram með þetta loftnet 1909 og Þýska Telefunken fram með endafædda útgáfu 1925 þ.e. lóðrétt ¼ bylgju stigalína og síðan lágréttur ½ bylgju leggur. Þetta loftnet er síðan notað um borð í Zeppelin loftförunum og þaðan kemur nafnið. (Það má reyndar rekast öðru hvoru á Beggerow loftnet en það er í raun sama og Zepp, heitir bara eftir Dr. Beggerow) Svo þróast Zepp loftnetið í double Zepp en þá eru armarnir orðnir tveir jafn langir og síðan í Extended Zepp þar sem armarnir eru orðnir 0.64 úr bylgjulengd en svoleiðis dípóll er farinn að gefa svolítinn ávinning allt að 3 dB.

Heildarlengdin á Zepp dípólnum er sú sama og á OCF loftnetinu, fundin út frá lægstu vinnutíðninni, 20 metra



langri 450 ohma fæðilínu með balun og straumspólu og síðan coax þaðan og inn í tuner. Vírinn var nú tekinn, lengri endinn styttur og bútnum bætt við styttri endann. Einangrarar sem ég er að nota eru allir komnir úr raf-

magnsgirðingaefni, ýmist úr postulíni eða plasti og sjálfsögðu fengnir í Kaupfélaginu en svona einangrara má einnig fá í Líflandi í Rvk.

Ég hef hingað til ekkert hikað við að lóða saman loftnetsvíra og stigalínur. Eftir að hafa stillt þetta loftnet í resónans á 160 m voru leggirnir orðnir 38,5 metrar sem mér sýnist láta nærri þegar tekið er tillit til K gildisins og þeirra þátta sem það tekur mið af. Fæðilínan er lóðrétt og hluti af loftnetinu en líka svo gott sem taplaus. Í þessu er um að ræða fasta ákveðna lengd af fæðilínunni, en í sumum útfærslum er verið að breyta lengd fæðilínunnar til þess að koma loftnetinu í resónans.

Og hvernig kemur þetta svo út? Jú ágætlega. Ekkert RF á ferðinni þótt notað sé fullt afl. Sæmileg report innanlands og þokkalegt í DX en hafa þarf í huga að svona dípólar eru ekkert sérstök DX loftnet á lágu böndunum þar sem útgeislunarhornið er hátt en skárri á þeim hærri. Þó svo að ég hafi sett bæði þessi loftnet upp með 160 og 80 metra böndin í huga, henta þau ágætlega fyrir hærri böndin. Strax eftir uppsetningu mældist standbylgjan 4:1 á 160 m, 3:1 á 80 m, 2,5:1 á 40 m 1,5 á 20, 17,12 og 10 m.

En hvað fór úrskeiðis, hversvegna allt þetta RF? Það hef ég bara ekki hugmynd um, en eitthvað hefur nú valdið þessu, kannski OCF loftnetið of nálægt sjakknum en þá skyldi maður ætla að sama vandamálið væri einnig uppi á teningnum með Zepp dípólinn. Nú svo er spurning með allskonar hliðarlúppur út úr OFC loftnetinu, sumir segja að þetta séu handónýt loftnet á meðan aðrir mæra þau. Nú hef ég ágætis reynslu af OCF loftneti, var með slíkt um borð í skipi í nokkur ár og einnig hef ég notað OCF í útileikum en að vísu aldrei áður á háafli.

En, en, eitt var það sem ég gleymdi í RF óðagotsleitinni, en það var að taka úr sambandi net og tölvusnúrur úr talstöðvunum, kannski lá sá úldni RF hundur þar grafinn en að því kemst ég ekki a.m.k. í bili.

73 de TF2LL
Georg Magnússon.

Viðurkenningar radíóamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA

WRTC viðurkenningaskjalið 2022.

World Radiosport Team Championship (WRTC) keppnin er haldin á fjögurra ára fresti og er einskonar ígildi Ólympíuleika radíóamatöra. Fyrirkomulag er þannig, að tveggja manna lið leyfishafa keppa frá sama stað, nota samskonar tæki og búnað og láta þannig reyna á fjarskiptahæfni þátttakenda.

WRTC keppnin er haldin á sama tíma og IARU HF Championship í júlímánuði, en vegna kórónafaraldursins hefur viðburðinum í ár verið frestað til næsta árs, 2023.

Með það að markmiði að kynna keppnina 2023 hefur WRTC nefndin látið hanna sérstakar viðurkenningar sem verða í boði í ár. Sækja má um WRTC viðurkenningar með því að hafa sambönd við sérstök ítölsk kallmerki með WRTC viðskeyti, sem eru virk á HF böndunum á tímabilinu 1. janúar til 10. júlí 2022. Kallmerkin verða virk frá hverju hinna 10 kallsvæða á Ítalíu.

Sérhvert samband á 160-10 metrum á CW, SSB, FT8 og RTTY telur. Sambönd á morsi gefa 10 punkta, á tali 5 punkta, á RTTY 4 punkta og á FT8 3 punkta. Hafa má samband við hverja stöð einu sinni á bandi og mótun. Safna þarf að lágmarki 50 punktum.

Kallmerkin eru: II1WRTC, II2WRTC, II3WRTC, II4WRTC, II5WRTC, II6WRTC, II7WRTC, II8WRTC, II9WRTC og IIØWRTC. Sérhvert samband við þessar stöðvar er uppfært daglega á vefinn og má t.d. slá inn eigið kallmerki og fá greinargott yfirlit um sambönd á bandi og mótun.

Vefslóð: https://www.wrtc2022.it/en/wrtc2022-award-19.asp

Hamingjuóskir til TF2EQ.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, vann til fyrstu verðlauna í 12. lotukeppni YOTA On-Line sem haldin var á netinu 29. apríl 2021.

Verðlaunin voru ekki af verri endanum, ICOM IC-7300 HF/50 MHz 100W SDR sendi-/móttökustöð. Kórónafaraldurinn hafði þau áhrif að afhendingu stöðvarinnar seinkaði þar til í október s.l. Elín er mjög ánægð með stöðina og er með hana tengda úti í Hollandi, samanber meðfylgjandi ljósmynd.

Þess má geta, að Elín vann einnig til 1. verðlauna á Virtual YOTA Day 24. júní 2020. Verðlaunin voru Heil BM-14 sambyggð heyrnartól með hljóðnema, DXE-FS-001 fótrofi frá DX Engineering og sérmerktur kaffibolli með YOTA merkinu.

Elín setur nýju stöðina í fyrsta skipti í samband í október (2021) heima í Hollandi þar sem hún notar kallmerkið PA2EQ. Ljósmynd: TF2EQ.

Bókahorn ÍRA

Óskar Sverrisson, TF3DC

Til umfjöllunar: QRP Basics.
Höfundur: Georg Dobbs, G3RJV.
Ritstjórn: Roger Green, MØRJG.
Útgefandi: Rado Society of Great Britain (RSGB).
Útgáfa: Þriðja útgáfa 2020.
Blaðsíðufjöldi: 208.
Brot: 17.4 x 24 cm.
Verð: £15.99/£13.59 fyrir félagsmenn (RSGB).



QRP Basics er aðgengileg sem kynning og handbók fyrir radíóamatöra sem vilja kynnast QRP hluta áhugamálsins. Höfundur skrifar skýran texta sem er settur fram af manni sem hefur víðtæka reynslu og ástríðu fyrir þessum hluta áhugamálsins.

Bókin skiptist í 23 kafla og 6 viðauka. Hún veitir góða innsýn í hugarheim þeirra sem eru áhugasamir um notkun QRP afls. Fjallað er m.a. um tilbúin tæki sem og ósamsett (*e. kits*), einföld loftnet og ábendingar um fjarskiptin sjálf, m.a. hvernig má ná góðum árangri í DX á QRP afli. Einnig er fjallað um QRP ferðastöðvar og nauðsynlegan búnað, t.d. þegar farið er í loftið frá sumarbústað, úti í náttúrunni eða við aðrar slíkar aðstæður. Töluverður hluti bókarinnar fjallar um heimasmíðar. Fyrir þá sem hafa ekki gert mikið af slíku eru settar fram ábendingar og leiðbeiningar, þurfi menn á því að halda. Ennfremur er fróðleg umfjöllun um einföld mælitæki fyrir heimasmíðar sem og fyrir almenn QRP not. Í viðaukum eru m.a. upplýsingar um hvar kaupa má íhluti, auk ábendinga um hvar leita má frekari upplýsinga.

QRP Basics er í meginatriðum skrifuð út frá hagnýtri hlið áhugamálsins en einnig er fjallað um fræðin þegar á því þarf að halda. Bókin kom fyrst út árið 2003, önnur útgáfa 2012 og sú þriðja haustið 2020 (eftir lát höfundar). Uppfærsla þriðju útgáfu var í ritstjórn Roger Green, MØRJG sem er reyndur QRP maður. Einn af stórum kostunum við þriðju útgáfuna er, að nú er stærstur hluti bókarinnar (178 blaðsíður af 208) prentaður í lit sem gefur aukna möguleika í framsetningu auk þess að gera bókina nútímalega og auðvelda aflestrar.

Höfundurinn, Georg Dobbs, G3RJV (1943-2019) var vel þekktur meðal radíóamatöra sem aðhyllast QRP. Georg stofnaði G-QRP klúbbinn á sínum tíma (1974). Klúbburinn er þekktur um allan heim og er virkur í dag. Hann er að öllu leyti rekinn af sjálfboðaliðum (líkt og meðan Georgs naut við) og gefur m.a. út félagsblaðið SPRAT sem kemur út fjórum sinnum á ári. Nokkrir íslenskir leyfishafar eru eða hafa verið félagar í klúbbnum í gegnum áratugina.

Niðurstaða: QRP Basics er vel skrifuð, fræðandi og áhugaverð bók fyrir alla radíóamatöra sem hafa áhuga á að kynna sér notkun QRP afls.

Jóhann Grétar Einarsson TF6GE og Ómar Magnússon TF3WK/OZ1OM í heimsókn hjá TFY á Seyðisfirði. Mynd: TF3WK.

Af smíðaborðinu: morslyklarar

Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS

Nú á dögum þykir flestum það óhugsandi að ekki komi einhverskonar tölvubúnaður við sögu þegar amatörtæki er hannað og smíðað.

Eitt það fyrsta tölvutengda sem menn fóru að blanda saman við venjuleg sendiviðtæki voru lyklarar af ýmsu tagi til að hjálpa til við morsið.

Oft var um að ræða nákvæmar tímarásir til að mynda fallegt mors, ‚rétta' lengd á stuttum og löngum hljóðum og ekki síður nauðsynlegum þögnum með, þ.e. stafa og orðabilum.

En ekki leið á löngu þar til farið var að bæta við minnisbönkum sem gátu geymt hluta af sambandinu, t.d. kallmerki sendanda og allslags staðlaða strengi á borð við ‚CQ CQ DX DE {ég}' þar sem nægir að ýta á einn hnapp til að senda alla rununa.

Fyrstu lyklarar sem undirritaður kynntist voru allir byggðir á PIC örtölvum. Árið 1998 stóð stjórn ÍRA fyrir hópverkefni þar sem einmitt átti að smíða PIC-lyklara og lét ég þá framleiða borð til að lóða íhlutina á. Ári fyrr hafði þáverandi formaður skrifað, uppnuminn, grein í CQTF þar sem hann sagði frá þeim undrum og stórmerkjum að tölvan hans hefði verið tengd stöðinni og sent mors með forriti með réttum lengdum og bilum, og enginn ruglingur á 5, h og s!

Enn þann dag í dag eru sjálfstæðir morslyklarar í fullu gildi, en þeir hafa tekið framförum og þróast mikið í tímans rás. Það er eins og mönnum geti endalaust dottið eitthvað sniðugt í hug sem hægt er að láta lyklarann gera, ásamt því að senda morsið.

Gamli, upprunalegi lyklarinn sem var notaður í hópverkefni ÍRA á sínum tíma hafði 4 minnishólf til að skrá inn í og stilliviðnám til að stjórna hraðanum. Flott tæki á sínum tíma en ef rafmagnið fór af honum gleymdi hann öllu sem í honum var frá hendi eiganda. Þetta var K8, sem Steve, K1EL hannaði og seldi og fékk ég hann til að bæta í rásirnar til mín sérislensku stöfunum þ, æ og ö sem voru virkir þegar lyklarinn var settur í æfingar/kennsluham.

Skömmu síðar fékk ég hjá honum WinKeyer rás sem ég setti í smákassa úr málmi og hefur hann þá eiginleika að taka við ASCII stöfum úr tölvutengi og breyta þeim í mátulega tímasetta morsstafi, en án minnisbanka og bara með hraðastilli. Athyglisvert er að enn þann dag í dag eru allir lyklarar bornir saman við þetta frumherja-

Fyrsti tölvutengdi lyklarinn sem höf. eignaðist er sá frægi WinKeyer sem hefur hraðastilli en engin minnishólf.

starf Steve's og má segja að WinKeyer sé sjálfgefinn staðall í morslyklurum. Margir framleiðendur selja í dag búnað sem er ýmist kallaður ‚WinKeyer samhæfður' eða bara nefndur upphaflega nafninu, ýmist með leyfi eða án.

Þegar aðgengilegar örtölvur komu á markað leið ekki á löngu þar til skriða kom af allslags morslyklurum. Flest af því er gert fyrir einhverskonar Arduino útgáfur þótt aðrar gerðir komi stundum við sögu. Goody, K3NG, sem áður hefur verið nefndur á þessum vettvangi skrifaði kóða sem er frjáls öllum til afnota.

K5BCQ útgáfan mín af K3NG lyklaranum. Skjár, 8 minnishnappar, lyklaborðsinngangur, tóngjafi, þjálfunarhamur, íslenskir stafir ... já nefndu það og það er þar, hi.

Kees, K5BCQ og félagar tengdir AQRP klúbbnum hönnuðu borð sem getur tekið alla möguleikana sem Goody býður uppá, notandinn bara velur hvað sett er niður og hverju sleppt. Auðvitað stóðst ég ekki mátið og lóðaði saman eitt svona — og afraksturinn er stórkostlegt tæki. Ég mæli svo sannarlega með því. Rásaborðið má panta frá Kees, sjá: https://www.qsl.net/k5bcq/Kits/Kits.html.

73 de TF3VS

Íslenskir radíóamatörar; starfstímabilið 2021/22

Fundur nr. 5 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 28. september 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður; Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri; Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi; og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, varastjórn. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari var fjarverandi vegna veikinda og Heimir Konráðsson, TF1EIN, var fjarverandi vegna veðurs (býr í Hveragerði). Kristinn Andersen, TF3KX, formaður prófnefndar ÍRA, var gestur fundarins og var hann sérstaklega boðinn velkominn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Fundargerð 4. fundar frá 31. ágúst 2021 lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
   - 31.08.2021...Erindi frá: Luis, HB9CXZ; spurningar um að fara í loftið sem TF/HB9CXZ í væntanlegri heimsókn hans til landsins í september.
   - 01.09.2021...Erindi frá: Ritara IARU R1; upplýsingar um skipan í nefndir C2 (Credentials and Finance Committee) og C6 (Election and Ballot Committee) á ráðstefnu S-1 í október.
   - 17.09.2021...Erindi frá: Ritara IARU R1; gögn vegna ráðstefnunnar í Svæði-1 í október.
   - 17.09.2021...Erindi frá: Ritara IARU R1; ábending til aðildarfélaganna um að skila þarf tillögum til framkvæmdastjórnar fyrir 30.9. um fundarstað (fundarland) fyrir ráðstefnu R1 2023.
   - 17.09.2021...Erindi frá: Gianluca, IK6GZM; óskar eftir ábendingum um TF kallmerki sem eru QRV um gervihnetti (aðra en QO-100).
   - 22.09.2021...Erindi frá: LA6IM; Tilkynning um nýjan fulltrúa SSA í stjórn NRAU; Jens Zander, SM0HEV.
   - September...Erindi frá formanni til stjórnar: 1.9., 3.9., 6.9., 7.9., 10.9., 14.9., 16.9., 17.9., 18.9., 22.9., 23.9. og 26.9.
5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
6. Námskeið til amatörleyfis yfir netið 4. október til 11. desember 2021.

a. Skýrsla formanns: Námskeið ÍRA til amatörleyfis 4. október til 11. desember.
b. Útlagður kostnaður félagssjóðs vegna fjárfestinga í tækjum og búnaði.
c. Fjöldi þátttakenda sem er skráður við upphaf fundar (28.9. kl. 18).
d. Ákvörðun um hvort námskeið verður haldið eða frestað.

7. Félagsstarfið framundan (október-desember) í ljósi stöðu kórónafaraldursins.
8. CQ TF, 4. tbl. 2021 kemur út 17. október.

a. Fundur ritnefndar 21. september.
b. Verkefni til skoðunar: Sérstakt rit í tilefni 75 ára afmælis ÍRA.

9. Útbúa þarf staðlað vinnuferli/verklýsingu um svör við fyrirspurnum sem berst á póstfang félagsins.

a. Fyrirspurnir um áhugamálið og/eða félagið.
b. Fyrirspurnir um námskeið.
c. Fyrirspurnir um námsefni.
d. Fyrirspurnir; önnur atriði.

10. Helstu alþjóðlegir fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin TF3W.

a. SAC CW keppnin 18.-19. september s.l.
b. SAC SSB keppnin 9.-10. október n.k.
c. CQ WW DX SSB keppnin 31.-21. október n.k.
d. CQ WW DX CW keppnin 27.-28. nóvember n.k.

11. Önnur mál.

a. Þakkir til Jóns Svavarssonar, TF3JON fyrir myndatöku af stjórn félagsins starfsárið 2021/22 (31.10.).
b. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir viðgerðir á innihurðum í Skeljanesi (2. og 10.9.).
c. Þakkir til Jónasar Bjarnsonar, TF3JB fyrir innrömmun DXCC viðurkenningar TF3EA (14.9.).
d. Þakkir til Sigurðar Harðarsonar, TF3WS fyrir radíódót til félagsins (fært í hús 16.9.).
e. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2022; 19. febrúar.

12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

1. Fundarsetning.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:10. Hann bað Óskar, TF3DC, að rita fundargerð í fjarveru ritara.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Formaður lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá fundarins sem var samþykkt.

3. Fundargerð 4. fundar frá 31. ágúst lögð fram.

Umræður og fundargerðin samþykkt.

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

Formaður kynnti innkomin erindi milli funda og bauð stjórnarmönnum að ræða einstök erindi eða afgreiðslur. Umræður og fyrirspurnir. Engar athugasemdir komu fram.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.

Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri, fór yfir stöðuna sem verður að teljast mjög góð. Alls 159 hafa greitt félagsgjald en ógreidd félagsgjöld eru 14, þar sem í flestum tilvikum liggja fyrir skýringar. Staða félagssjóðs í dag er um 1,8 m.kr. samkvæmt gjaldkera. Jóni var þökkuð skýrsla og frammistaða, en ljóst er að árangur má einnig skýra með öflugu félagsstarfi almennt, útgáfu CQ TF o.fl.

6. Námskeið til amatörleyfis yfir netið 4. október til 11. desember 2021.

a. Skýrsla formanns: Námskeið ÍRA til amatörleyfis 4. október til 11. desember.

Formaður gaf skýrslu varðandi fyrirhugað námskeið (sbr. og sérstaka samantekt formanns um námskeið í fylgigögnum). Hann skýrði ónóga þátttöku sem væri áfall miðað við væntingar okkar. Umræður m.a. um hvort þetta skýrðist að einhverjum hluta af því að um fjarnámskeið væri að ræða.

b. Útlagður kostnaður félagssjóðs vegna fjárfestinga í tækjum og búnaði.

Gerð var grein fyrir fjárfestingu í myndavél (*e. document camera*) um 30 þús. kr. og tölvu um 160 þús. kr. vegna námskeiðs. Ljóst væri að þessi tæki myndu einnig nýtast á fræðslukvöldum, í félagsstöð og annarri starfsemi félagsins.

c. Fjöldi þátttakenda sem er skráður við upphaf fundar (28.9. kl. 18:00).

Skráning á námskeiðið var langt undir væntingum. Rætt um hvort og þá hver ætti að vera lágmarksfjöldi á slíku námskeiði. Stjórn sýndist að 10 gæti verið hæfilegt í þessu sambandi án þess að formleg ákvörðun hafi verið tekin um það.

d. Ákvörðun um hvort námskeið verður haldið eða frestað.

Ákveðið var, í ljósi framangreindra staðreynda og umræðna, að fresta námskeiði til næsta vors. Athugað verði við Fjarskiptastofu með að halda próf (fyrir þá sem stunda sjálfsnám) þó svo að námskeið félli niður – ef spurn væri eftir að þreyta próf.

e. Nettenging í Skeljanesi.

Nettenging í félagsaðstöðu / félagsstöð (liður féll niður við gerð dagskrár). Umræður en ákvörðun frestað.

7. Félagsstarfið framundan (október - desember) í ljósi heimsfaraldurs.

Umræður um núgildandi fyrirmæli stjórnvalda. Ákveðið að bíða frekari ákvarðana stjórnvalda í þessu efni þegar fram vindur (frestun).

8. CQ TF, 4. tbl. 2021 kemur út 17. október.

a. Fundur ritnefndar 21. september.

Formaður greindi frá fundi ritnefndar 21. september. Engin vandkvæði eru með efnisöflun og vinna við blaðið gengur samkvæmt áætlun.

b. Verkefni til skoðunar: Sérstakt rit í tilefni 75 ára afmælis ÍRA.

Formaður greindi frá hugmyndum um útgáfu sérstaks rits í tilefni af 75 ára afmæli ÍRA. Málið er til skoðunar hjá ritnefnd (umsjón verkefnis: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS).

9. Útbúa þarf staðlað vinnuferli/verklýsingu um svör við fyrirspurnum sem berast til félagsins.

Formaður gerði grein fyrir hugmynd sinni um skilvirkt og staðlað kerfi fyrir fyrirspurnir um áhugamálið og félagið, námskeið og námsefni og önnur atriði. Og hvort stjórnarmenn væru reiðubúnir til að taka verkefnið að sér. Óskar, TF3DC bauð sig fram til að taka verkefnið að sér og var það samþykkt.

10. Helstu alþjóðlegir fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin TF3W.

Formaður gerði grein fyrir SAC og CQ WW keppnunum (alls 4 viðburðir) sem framundan eru í haust og vetur. Ljóst væri að okkur eru takmörk sett með fjölda eða hópþátttöku og verður svo enn um hríð.

11. Önnur mál.

a. Jóni Svavarssyni, TF3JON þakkað sérstaklega fyrir myndatöku af stjórn félagsins á starfsárinu 2021/22. Og nú sem fyrr.

b. Georg Kulp, TF3GZ, þakkað sérstaklega fyrir viðgerðir á innihurðum í Skeljanesi.

c. Jónasi Bjarnasyni, TF3JB, þakkað sérstaklega fyrir innrömmun á DXCC viðurkenningu TF3EA, (SK) (handhafa leyfisbréfs nr. 1 og stórkostlegum radíóamatör á sinni tíð).

d. Sigurði Harðarsyni, TF3WS þakkað sérstaklega fyrir radíódót til félagsins.

e. Formaður lagði til að aðalfundur félagsins verði haldin 19. febrúar 2022. Samþykkt samhljóða.

f. TF3GZ spurði formann um hvort hann gæfi kost á sér áfram. Jónas sagði fjögur árin brátt komin, en neitaði ekki. Varðar sjálfbærni félagsins til lengri tíma, var sagt – að hafa slíkan dugnaðarfork sem formaðurinn er að störfum áfram fyrir félagið. Ítrekaðar eru þakkarkveðjur til öðlinganna í lið a) – d) bókað hér að ofan og fengu góðar undirtektir hjá stjórnarmönnum.

g. TF3DC spurði um ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem framundan væri um miðjan október. Formaður svaraði til að hann búist við að TF3KB, fulltrúi okkar á síðari hluta ráðstefnunnar, geri grein fyrir niðurstöðum og umfjöllun um tillögur ÍRA, að henni lokinni – samanber greinargróða samantekt TF3KB um fyrri hluta ráðstefnunnar sem hann sat í fyrra (2020) – í grein í 1. tbl. CQ TF 2021.

12. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að stefna að næsta fundi þriðjudaginn 17. nóvember.

13. Fundarslit.

Formaður þakkaði stjórnarmönnum og Kristni Andersen, TF3KX, formanni prófnefndar félagsins fundarsetuna og sleit fundi kl. 19:56.

Fundargerð ritaði - í fjarveru ritara
Óskar Sverrisson / TF3DC

Fundur nr. 6 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 17. nóvember 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Fundargerð 5. fundar frá 28. september lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
   - 06.10.2021...Erindi frá: Gerhart, OE3GHA. Spurning um viðtækið yfir netið á Íslandi / erindinu svarað með upplýsingum um viðtækin þrjú á HF hérlendis.

- 07.10.2021...Erindi til: QSL stjóra ÍRA með samantekt og vinnslu heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU um heiminn.
- 10.10.2021...Erindi frá: Hans, DL9RDZ. Flytur til TF 2022 og spyr um TF kallmerki / erindi svarað með upplýsingum um tilskylda 3 mánaða dvöl.
- 21.10.2021...Erindi frá: Guðmundi Kristjánssyni, fagstjóra rafm. hjá HR í iðn- og tæknifræði um aðstoð félagsmanna við niðurrif Marconi sendisins á Vatnsenda.
- 22.10.2021...Erindi til: Guðmundar. Vel tekið í erindið og sagt að beiðnin verði sett inn á heimasíðu félagsins og FB síður / þakkir bárust frá Guðmundi sama dag.
- 24.10.2021...Erindi frá: David, AA2KF. Hefur áhuga á að heimsækja Skeljanes / erindinu svarað þar sem hann var boðinn velkominn.
- 24.10.2021...Erindi frá: Roger, NA4RR. Hefur áhuga á að heimsækja Skeljanes / erindinu svarað þar sem hann var boðinn velkominn.
- 25.10.2021...Erindi frá: Fannari Birgissyni, kvikmyndagerðarmanni. Leitar gamalla fjarskiptatækja vegna gerðar stuttmyndar / erindinu svarað og vísað á TF3SB.
- 31.10.2021...Erindi frá: Mike, GØJXX. Skipuleggur ferð til TF 2022; spyr um úthlutun íslensks kallmerkis / erindi svarað m. upplýs. um tilskylda 3 mánaða dvöl.
- 05.11.2021...Erindi frá: Ómari Þórdórssyni, fasteignastjóra Borgarinnar á umhverfis- og skipulagssviði um ástandsúttekt á húsinu í Skeljanesi.
- 05.11.2021...Erindi til: Ómars þar sem tilkynnt er að fulltrúar félagsins muni mæta á staðinn 9. nóvember vegna úttektarinnar.
- 08.11.2021...Erindi frá: Sylvain, F4GKR formanni IARU Svæðis 1. Þakkir til aðildarfélaganna fyrir þátttöku í síðari hluta ráðstefnu svæðisins í október.
- 11.11.2021...Erindi frá: Kristjáni, TF3KB þar sem hann skýrir frá því að hann hafi tilnefnt ÍRA til viðurkenningar Rannís árið 2021 fyrir vísindamiðlun.
- 12.11.2021...Erindi frá: Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS þar sem hann bendir á niðurstöður rannsóknar á gerð kennslumyndbanda með tilliti til námskeiða ÍRA.
- September: Erindi frá: Formanni til stjórnar (á milli funda): 29.9.
- Október: Erindi frá: Formanni til stjórnar (á milli funda): 1., 4., 6., 7. 9., 11., 12., 14., 16., 18.
- Nóvember: Erindi frá. Formanni til stjórnar (á milli funda): 1., 6., 8., 9., og 11.11.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
6. Helstu fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin; skýrsla keppnisstjóra.
7. Félagsstarfið framundan í ljósi versnandi stöðu kórónafaraldursins.

a. Reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar 13.11.-8.12.2021

8. Undirbúningur námskeiðs í febrúar-maí 2022.
9. CQ TF, 4. tbl. 2021.

a. 4. tölublað kom út á heimasíðu félagsins 17. október.
b. Fundur ritnefndar 9. nóvember.

10. Ástandsúttekt Reykjavíkurborgar á húsinu í Skeljanesi.

a Forvinna VSÓ 9. nóvember.
b. Úttekt fagteymis VSÓ 11.-12. nóvember.
c. Vettvangsskoðun starfshóps borgarinnar 15.1.2021Tillaga að nýju deiliskipulagi; skýrsla dags. 26.6.2020.
d. Tillaga að nýju deiliskipulagi; skýrsla dags. 26.6.2020.

11. Önnur mál.

a. Samantekt og vinnsla heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU. Sent: 7. október.
b. Tilnefning orðuþega til orðunefndar forsætisráðuneytis. Sent: 12. október.
c. Framleiðsla verðlaunagripa og viðurkenninga v/fjarskiptaviðburða ÍRA 2021. Tilbúið: 14. október.
d. Spóla fyrir 80 metra bandið á stangarloftnet TF3IRA. Pöntuð: 5. nóvember.

12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

1. Fundarsetning.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 5. fundar frá 28. september lögð fram.
Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
Formaður, TF3JB fór yfir og útskýrði innkomin og útsend erindi.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
Stað félagssjóðs er góð, 1.737.145 kr. 161 félagi hefur greitt félagsgjald en 12 eru ógreiddir.

6. Helstu fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin; skýrsla keppnisstjóra.
Helstu fjarskiptaviðburðir sem hafa verið að undanförnu eru CQ DX WW keppnirnar, en Covid-19 hefur verið að valda okkur vandræðum. Óskar Sverrisson, TF3DC mun leggja fram minnisblað þar sem farið verður yfir helstu keppnir sem fara fram á næstunni.

7. Félagsstarfið framundan í ljósi versnandi stöðu kórónafaraldursins.

a. Reglugerð ráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar 13.11. 8.12.2021.

Samþykkt var að setja á grímuskyldu; ekkert kaffi á boðstólum, þrír félagar mest samtímis í fjarskiptaherbergi og einn í QSL herbergi

8. Undirbúningur námskeiðs í febrúar-maí 2022.
Prófnefnd hefur verið að vinna í námsefninu. Búið er að senda þeim námsefni frá systur-samtökum okkar í Danmörku og í Svíþjóð. Námsefni hefur verið pantað frá Noregi. Stefnt er að námskeiðahaldi í HR í febrúar 2022 (með fyrirvara um stöðu faraldursins).

9. CQ TF, 4. tbl. 2021.

a. 4. tölublað kom út á heimasíðu félagsins 17. október.

Síðasta tölublað CQ TF á árinu kom út 17. október s.l. Það er alls 56 bls. að stærð.

b. Fundur ritnefndar 9. nóvember.

Ritnefnd blaðsins hélt 6. fund sinn á starfsárinu 2021/22 þann 9. nóvember s.l. Til umfjöllunar var m.a. útgáfa 75 ára afmælisrits ÍRA. Verkefnið er enn á umræðugrundvelli innan nefndarinnar.

10. Ástandsúttekt Reykjavíkurborgar á húsinu í Skeljanesi.

a. Forvinna VSÓ 9. nóvember.

Jónas Bjarnason, TF3JB mætti í Skeljanes kl. 14:15 þann 9. nóvember. Á staðnum voru fulltrúar VSÓ og Borgarinnar, auk fulltrúa annarra leigjenda í húsinu. Fram kom m.a. að okkar hluti var reistur árið 1934 en sá hluti sem Oddur, Sniglarnir og vatnstjórar SVR hafa til afnota var reistur árið 1974. Öll rými hússins voru skoðuð og ljósmynduð hátt og lágt.

b. Úttekt fagteymis VSÓ 11.-12. nóvember.

Úttekt fagteymis VSO fór fram 11.-12. nóvember. Niðurstöður höfðu ekki borist til félagsins fyrir fundinn.

c. Vettvangsskoðun starfshóps borgarinnar 15.1.2021.

Formaður, TF3JB fór stuttlega yfir aðdraganda ástandsúttektarinnar. Um er m.a. að ræða vettvangsskoðun starfshóps borgarinnar í byrjun 15. janúar 2021. Formaður vísaði á greinargerð í ársskýrslu 2020/21, bls. 169-170 til frekari upplýsingar.

d. Tillaga að nýju deiliskipulagi; skýrsla dags. 26.6.2020.

Formaður, TF3JB fór stuttlega yfir tillögu að nýju deiliskipulagi „Nýi Skerjafjörður" sem ennfremur er kynnt í ofangreindri ársskýrslu félagsins (bls. 170).

11. Önnur mál.

a. Samantekt og vinnsla heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU frá 7.10.2021.

Formaður, TF3JB kynnti framlagða samantekt heildarupplýsinga um QSL stofur aðildar-félaga IARU í heiminum. TF3JB vann verkefnið fyrir QSL stjóra félagsins í ljósi þess, að QSL stofan þarf að skila tölvupóstfangi og/eða símanúmeri QSL stofa sem kort eru send til. Þessar nýju reglur tóku gildi i vor (2021). Upplýsingarnar voru ekki til heildstæðar áður og fékk QSL stjóri samantektina afhenda 7. október.

b. Tilnefning orðuþega til orðunefndar forsætisráðuneytis.

Send var tilnefning orðuþega til orðunefndar forsætisráðuneytisins þann 12. október. Formaður og varaformaður gengu frá erindinu með samráði við stjórn félagsins.

c. Framleiðsla verðlaunagripa og viðurkenninga vegna fjarskiptaviðburða ÍRA 2021.

Framleiðsla verðlaunagripa og viðurkenninga vegna Páskaleika, VHF/UHF leika og TF útileika félagsins á árinu 2021 fór fram í október. Brynjólfur Jónsson, TF5B skilaði skrautrituðum viðurkenningaskjölum 14. október og verðlaunagripirnir voru sóttir til Marko-merkingar ehf., 15. október. Hugmyndin er að afhenda gripina fljótlega eftir að faraldurinn gengur niður. Ef það frestast fram yfir áramót er hugmyndin að bjóða viðkomandi að nálgast verðlaunin á opnunarkvöldum í janúar eða á aðalfundi 19. febrúar 2022.

Samþykktar voru þakkir til Brynjólfs Jónssonar, TF5B fyrir skrautritun viðurkenningaskjala vegna fjarskiptaviðburða félagsins á árinu 2021 (7 talsins).

d. Spóla fyrir 80 metra bandið fyrir stangarloftnet TF3IRA er komin í hús.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að spóla fyrir 80 metra bandið fyrir Hustler 5-BTV stangar-loftnet félagsins væri komin til landsins (gerð RM-80S). Hún var pöntuð frá WiMo í Þýskalandi og kostaði 16.082 krónur með öllum gjöldum.

12. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að halda næsta stjórnarfund þriðjudaginn 18. janúar 2022 kl. 18 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 19:30.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

Minning úr félagsstarfinu frá 1975.

Hópurinn sem fór til Vestmannaeyja í júlí 1975 og virkjaði TF7V. Guðjón Einarsson TF3AC, Axel Sölvason TF3AX, Kristinn Daníelsson TF3KD, Stefán Sæmundsson TF3SE, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Ólafur Axelsson TF3AW. Myndin var tekin í félagsaðstöðu ÍRA sem þá var til húsa að Vesturgötu 68 í Reykjavík. Ljósmynd: TF3KM.

Helstu DX keppnir febrúar, mars og apríl 2022.

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu febrúar, mars og apríl 2022. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hverrar keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar. Vefslóð: https://www.contestcalendar.com/weeklycont.php

Dagsetn.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (tf)
		FEBRÚAR 2022			
5.-6. feb.	12:00-12:00	F9AA Cup, CW	CW	80-10M	RST + raðnúmer
5.-6. feb.	12:00-23:59	Mexico RTTY International Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
12.-13. feb.	00:00-23:59	CQ WW RTTY WPX Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
12.-13. feb.	12:00-12:00	Dutch PACC Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
19.-20. feb.	00:00-24:00	ARRL DX I'nal DX Conterst, CW	CW	160-10M	RST + afl sendis
25.-27. feb.	22:00-22:00	CQ-160 Meter Contest, SSB	SSB	160M	RS + CQ svæði (TF=40)
26.-27. feb.	06:00-18:00	REF Contest, SSB	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
26.-27. feb.	13:00-13:00	UBA DX Contest, CW	CW	80-10M	RST + raðnúmer
		MARS 2022			
5.-6. mars	00:00-24:00	ARRL I'nal DX Contest, SSB	SSB	160-10M	RS + afl sendis
12. mars	00:00-23:59	YB DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
12.-13. mars	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160M	RST + 4stafa hnit tala
19.-20. mars	12:00-12:00	Russian DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
19.-21. mars	02:00-01:59	BARTG HF RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer + GMT
26.-27. mars	00:00-23:59	CQ WW WPX Contest; SSB	SSB	160-10M	RST + raðnúmer
		APRÍL 2022			
2.-3. apríl	15:00-14:59	SP DX Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
15.-16. apríl	21:00-21:00	Holyland DX Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
16.-17. apríl	07:00-06:59	YU DX Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
16.-17. apríl	09:00-23:00	CQMM DX Contest	CW	80-10M	RST + EU
23.-24. apríl	12:00-12:00	SP DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
23.-24. apríl	13:00-12:59	Helvetia Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer

FUNDARBOÐ

AÐALFUNDUR ÍRA 2022

Með tilvísan til 17. gr. félagslaga er hér með boðað til aðalfundar ÍRA sunnudaginn 20. febrúar 2022.
Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimili Neskirkju og hefst stundvíslega kl. 13:00.
Dagskrá er samkvæmt 19. gr. félagslaga.

Fyrir hönd stjórnar,
Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður ÍRA